

**SKOÐUN** Ef fólk hræðist trúarbrögð á það að nýta tjáningarfrelsið og gagnrýna þau, skrifa liðsmenn Pírata. 12



**MENNING** Grínistinn Russell Brand hlakkar til að heimsækja Ísland í desember. 21



**SPORT** Harpa Þorsteinsdóttir er ein fimm Stjörnukvenna með íslenska landsliðinu á EM í fótbolta. 22







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
17. júlí 2013
166. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Rotþró að springa

Rotþróin á Hakinu á Þingvöllum var vanáætluð í upphafi að sögn verktaka. Ferðamenn eru nú að sprengja hana utan af sér. 6

**Óboðlegt leiksvæði** Íbúar í Grafarholti eru orðnir langþreyttir á að fá börnin sín drulluskítug heim af leiksvæði við frístundaheimilið Stjörnuland. 2

**Stærsta hótel landsins** Íslandshótel hyggjast reisa 340 herbergja hótel við Höfðatorg. Það yrði þá stærsta hótel landsins. 2

**Z-40 handtekinn** Mexíkósk yfirvöld hafa handtekið höfuðpaurinn í alræmdustu glæpaklíku landsins. 11




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | NA | 6 |
| Akureyri | 9° | N | 3 |
| Egilsstaðir | 13° | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 14° | SA | 4 |
| Reykjavík | 12° | SV | 2 |

**Dálítil væta N-til** fyrrihluta dags en dregur svo úr. Purrt að mestu S-til. Hiti 8-14 stig, hlýjast SA-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Stöð 2 | Fólk






**SUMARLAX Í ÞJÓRSÁ** Einar Haraldsson, bóndi á Urriðafossi, stendur í stórræðum um þessar mundir við netaveiði í Þjórsá. Veiða má í fimmtíu daga á eitt hundrað daga tímabili. Laxinn er seldur í verslanir í Reykjavík og í dag fer reynslusending frá Urriðafossi til London. / Sjá síðu 8

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# LSR þarf að hækka iðgjöld um áramót

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins segir að hækka þurfi iðgjald sjóðsins svo að halli hans haldist innan lagalegra marka. Hann segir að ákvörðun um þetta þurfi að taka fljótlega svo hún geti tekið gildi um næstu áramót.

**EFNAHAGSMÁL** Iðgjöld í A-hluta Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þarf að hækka um eitt prósent strax um næstu áramót til að halda halla sjóðsins innan lagalegra marka. Þetta segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, í samtali við Fréttablaðið.

Hækkunin mun kosta ríki og sveitarfélög um einn milljarð árlega en er langt frá því að vera viðunandi lausn á alvarlegum fjármögnunarvanda sjóðsins. Neikvæð staða hans er um 466 milljarðar króna.

Stærstur hluti þeirrar upphæðar, eða 360 milljarðar, er tilkominn vegna B-deildar sjóðsins. Sá vandi byggist á gömlu kerfi, þar sem sjóðsfélagar unnu sér inn réttindi án þess að þau hefðu verið fjármögnuð til fulls. Þessi réttindi eru tryggð og verða ekki skert.

Nýja kerfið, A-hlutinn, sem var tekið upp árið 1997 og átti að vera sjálfbært, stendur heldur ekki undir sér. Í fyrra var munur á eignum og skuldbindingum í A-deild neikvæður um 12,5 prósent fimmta árið í röð en samkvæmt lögum verður hallinn að vera minni en 10 prósent.

Framkvæmdastjóri LSR segir að boðuð hækkun iðgjalda sé til þess að koma halla A-hlutans niður fyrir tíu prósenta markið. Ljóst er hins vegar að mun víðtækari og kostnaðarsamari aðgerðir eru nauðsynlegar til að ná utan um fjármögnunarvanda LSR.

**- le** / sjá síðu 4

**466**

milljarðar er neikvæð staða Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þar af eru 360 milljarðar vegna B-deildar sjóðsins.

SHÍ stefnir LÍN fyrir dóm:

## Illugi hissa á stefnu stúdenta

**MENNTAMÁL** „Þetta kemur mér nokkuð á óvart," segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra um þá ákvörðun Stúdentaráðs Háskóla Íslands að stefna stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir dóm vegna breytinga á úthlutunarreglum. Málshöfðunin var kynnt í gær.

**- jse** / sjá síðu 4










## SPURNING DAGSINS



Róbert, er sláttur á Grindvíkingum?

**„Við erum nú vön að slá um okkur en ekki frá okkur.“**

Í Grindavík var ákveðið að leggja á gjald fyrir garðslátt. Bænum bárust athugasemdir um að ekki væru tekjutengd afsláttarkjör fyrir eldri borgara og öryrkja á gjaldtökunni og því hyggst Grindavíkurbær endurskoða gjaldið fyrir næsta ár.

Íslandshótel munu á næstu tveimur til þremur árum fjölga framboði á hótelherbergjum um 530:

# Reisa stærsta hótel landsins við Höfðatorg

**ATVINNUMÁL** Íslandshótel hafa uppi áform um að fjölga hótelherbergjum sínum um 530 á næstu tveimur til þremur árum. Munar þar mestu um 340 herbergja hótel sem reisa á við Höfðatorg í Reykjavík. Það verður stærsta hótel landsins að segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela, að stefnt sé á að opna það vorið 2015.



DAVÍÐ TORFI ÓLAFSSON

Íslandshótel reka nú þegar tíu Fosshótel og þrjú hótel í Reykjavík. Þau eru Grand Hótel Reykjavík, Hótel Reykjavík og Hótel Reykjavík Centrum. Alls hefur fyrirtækið nú upp á 1.100 herbergi að bjóða.

Auk þessa stærsta hótels landsins stendur til að reisa áttatíu herbergja hótel á Hnappavöllum undir Hvannadalshnjúk sem áætlað er að opna vorið 2015 og síðan annað tuttugu og sex herbergja í gamla franska sjómannaspítalanum á Fáskrúðsfirði. Davíð Torfi segir það verða tekið til notkunar á næsta ári.

„Við förum í kjölfar frönsku sjómannanna en þeir voru nú líka fjölmennir á Patreksfirði þar sem við vorum að opna Fosshótel nú fyrr í sumar,“ segir hann og hlær við. Frekari fjölgun hótelherbergja felst í stækkun bygginganna á Fosshóteli Húsavíkur og Fosshóteli Vatnajökuls skammt utan Hafnar í Hornafirði.

Íslandshótel eru í meirihlutaeigu Ólafs D. Torfasonar og fjölskyldu. - jse

### Fjölgun herbergja

| Ný hótel | Herbergjafjöldi |
|---|---|
| Hótel við Höfðatorg | 340 |
| Hótel á Hnappavöllum | 80 |
| Hótel á Fáskrúðsfirði | 26 |
| **Stækkun hótela** | **Herbergjafjöldi** |
| Fosshótel Húsavík | úr 70 í 120 |
| Fosshótel Vatnajökull | úr 26 í 66 |



**SKILABOÐ TIL RÁÐAMANNA** Mörg þúsund mótmælendur létu í sér heyra fyrir utan þinghúsið í Aþenu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Fjórða allsherjaverkfallið á Grikklandi í ár:

## Fleiri uppsagnir ríkisins fyrirséðar

**GRIKKLAND, AFP Grikkir efndu til allsherjarverkfalls í gær til að mótmæla fyrirsjáanlegum niðurskurði. Gangi hann eftir verður fjögur þúsund ríkisstarfsmönnum sagt upp á árinu.**

**Verkfallið hafði mikil og lamandi áhrif á heilsugæsluþjónustu og almenningssamgöngur. Farið er í niðurskurðinn til að mæta kröfum lánardrottna en Grikkir fá tæplega sjö milljarða evra í björgunarlán í vikunni. Mótmælin hafa farið stigvaxandi síðustu daga og voru mörg þúsund manns fyrir framan þinghúsið í Aþenu í gær. Eins og sjá má á myndinni eru skilaboðin sem mótmælendur vilja koma á framfæri af harðari taginu.** - jse

Al Beblaví kynnir stjórn sína:

## Herforinginn í nýju stjórninni

**EGYPTALAND, AP** Abdel Fattah el Sísí, æðsti yfirmaður egypska hersins, verður jafnframt aðstoðarforsætisráðherra í nýrri ríkisstjórn landsins.

Þetta varð ljóst þegar Hasem al Beblaví forsætisráðherra kynnti ráðherralista nýju stjórnarinnar síðdegis í gær.

Herinn gerði al Beblaví að forsætisráðherra til bráðabirgða eftir að hafa steypt Múhamed Morsí af stóli fyrr í mánuðinum.

Múhamed Ibrahím verður áfram innanríkisráðherra, en hann gegndi því embætti í stjórn Morsís. - gb

Frekari kröfur á ráðherra:

## Látnir svara fyrir óráðsíu

**FJÁRMÁL** Illugi Gunnarsson, starfandi fjármálaráðherra, segist taka undir með Vigdísi Hauksdóttur, formanni fjárlaganefndar, um að ráðherrar skuli krafðir svara þegar stofnanir undir ráðuneyti þeirra fari fram úr fjárheimildum.

Illugi segir þetta sérstaklega viðeigandi í þeim tilfellum þegar forstöðumenn hafi gert tillögur um niðurskurð en fái ekki leyfi ráðherra til að hrinda þeim í framkvæmd. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að átta stofnanir hafi farið ítrekað fram úr heimildum á meðan ráðherrar hafi séð í gegnum fingur sér. - jse

# Ekki boðlegt börnum

Íbúar í Grafarholti eru ósáttir vegna leiksvæðis við frístundaheimilið Stjörnuland sem þeir segja orðið að drullusvaði. Þeir vilja að borgin efni loforð um betrumbætur. „Sérstakar aðstæður,“ segir formaður borgarráðs, enda sé svæðið á einkalóð.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég er með barn númer tvö í frístundaheimilinu Stjörnulandi, og þetta er búið að vera svað frá upphafi. Krakkarnir eru í drullu upp að ökklum að leika sér,“ segir Harpa Valdimarsdóttir, íbúi í Grafarholti. Harpa og fleiri foreldrar í hverfinu hafa lengi kvartað undan leiksvæðinu við frístundaheimilið sem er í afar slæmu ásigkomulagi. Engin leiktæki eru á svæðinu og það breytist í drullusvað í hvert skipti sem bleytir.

„Borgin hefur borið fyrir sig að eigendur standi í vegi fyrir því að þetta sé lagað,“ útskýrir Harpa. „Það að fá börnin heim, drullug upp fyrir haus út af þessu, dag eftir dag, er næg ástæða til þess að gera eitthvað í málunum.“

Frístundaheimilið Stjörnuland í Grafarholti er í leiguhúsnæði við hlið skólans. Stjörnuland hefur verið starfrækt í um fimm ár og hefur svæðið verið illa leikið allan tímann að sögn íbúa í hverfinu.

Yrsa Löve, læknir og íbúi í Grafarholti, segir orðið vandræðaástand. „Því var lofað í framhaldi af íbúafundi síðasta haust að eitthvað yrði gert í málinu. Nú fer að líða að næsta skólaári og enn hefur ekkert verið gert. Þegar það er blautt og rigning, til dæmis, þá er nánast ófært þarna fyrir leiksvæðið,“ segir Yrsa og bætir við að þetta sé ekki boðlegt.

Hrefna Lind Borgþórsdóttir á einnig börn sem stunda eða hafa stundað Stjörnuland. „Það er ekkert svæði gert af fyrir börnin. Þetta er bara eitt svað og grasið ekki slegið, enda kannski ekkert til að slá. Það sem mér finnst kannski leiðinlegast er að það er ekkert reynt til að gera þetta fallegt. Ekki hirt um eitt eða neitt,“ segir Hrefna, sem finnst frístundasvæði eiga að vera umhverfi sem börn hafi gaman af.

„Það á að hlúa að þessum svæðum svo að börnin vilji vera þar,“ segir Hrefna að lokum.



**ÞURRT Í GÆR** Þegar rignir breytist þetta leiksvæði í drullusvað og íbúar segja að þá sé það nánast ófært með öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



DAGUR B. EGGERTSSON

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir borgina hafa verið í átaki síðastliðin tvö ár með útisvæði um alla borg. „Það hefur verið heilmikil umræða um þessi mál og heilbrigðiseftirlitið hefur verið að taka þetta út hjá okkur reglulega. Þróunin hefur verið jákvæð,“ segir Dagur.

„Við höfum verið að bæta við fé í þennan málaflokk, til þess einmitt að geta brugðist við ábendingum íbúa í hverfunum,“ bætir Dagur við og hvetur fólk til þess að senda inn ábendingar.

Dagur segir málið sérstakt. „Svæðið er á einkalóð. Við viljum að eigendur taki þátt í kostnaðinum við uppbygginguna, sem hefur tekið lengri tíma en við erum sátt við,“ útskýrir Dagur. „Við höfum viljað bæta þarna úr, en þetta eru sérstakar aðstæður.“ olof@frettabladid.is

> **Það að fá börnin heim, drullug upp fyrir haus útaf þessu, dag eftir dag, er næg ástæða til þess að gera eitthvað í málunum.**
>
> *Harpa Valdimarsdóttir íbúi í Grafarholti*




Sigmundur Davíð fundaði í gær með ráðamönnum ESB vegna makríldeilu:

## Segir refsiaðgerðir ólíklegar

**SJÁVARÚTVEGUR** Makríldeilan sýnir að hagsmunum Íslands er betur borgið utan Evrópusambandsins, segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. Honum þykir ólíklegt að refsiaðgerðum verði beitt gegn þjóðinni vegna makrílveiðanna.

Sigmundur fundaði með José Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, og Herman Van Rompuy, forseta leiðtogaráðs sambandsins, í gær. Sagði hann á fundinum að honum þættu refsiaðgerðir ekki líklegar til að stuðla að lausn makríldeilunnar.

Undir þetta tók Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær. Sagði hann hótanir um refsiaðgerðir hafa þveröfug áhrif. Sagðist hann vona að vísindalegar rannsóknir á leyfilegum heildarafla makríls yrðu að lokum lausn deilunnar, en ekki að stærri löndin kúguðu þau minni.

Barroso lagði einnig áherslu á að farið yrði samningaleiðina í deilunni og sagði hann Evrópusambandið ekki vilja beita ólögmætum þvingunaraðgerðum gegn Íslandi.

Sigmundur segir það ekki slæmt fyrir þjóðina að standa utan ESB. „Þá hefðum ekki haft aðstöðu til að verja rétt okkar. Þetta er því þvert á móti áminning um mikilvægi þess að hafa yfirráð yfir eigin auðlindum. Verja fullveldið til þess að geta varið hagsmuni þjóðarinnar út á við.“ - nej



**SAMIÐ VERÐI** Sigmundur og Barroso funduðu í gær og voru sammála um að refsiaðgerðir væru ekki leið lausnar.









COLEMAN TRACK TJALD

**11.992 KR.**
FULLT VERÐ 14.900 KR.



COLEMAN STÓLL
Með örmum

**8.990 KR.**
FULLT VERÐ 11.900 KR.



SAMFELLANLEGT BORÐ
Stærð: 80x60cm

**7.920 KR.**
FULLT VERÐ 9.900 KR.



COLEMAN SVEFNPOKI
XYLO, blár

**6.990 KR.**
FULLT VERÐ 8.990 KR.



COLEMAN VINDVEGGUR

**7.920 KR.**
FULLT VERÐ 9.900 KR.






MERIDA FINSE REIÐHJÓL
Hybrid

**89.990 KR.**
FULLT VERÐ 109.990 KR.



DIDRIKSONS CASCADE
Dömu, 36–44. Herra, S–2XL.

**13.990 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



DIDRIKSONS BOARDMAN
Barnastærðir 80–130.

**9.990 KR.**
FULLT VERÐ 13.990KR.



COLUMBIA GÖNGUBUXUR
Silver Ridge, dömustærðir 8–16

**14.392 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



COLUMBIA SKYRTA
Silver Abyss, M–2XL

**11.992 KR.**
FULLT VERÐ 14.990 KR.



COLUMBIA GÖNGUSKÓR
Dömu, 7,5–12. Herra, 8,5–15.

**17.990 KR.**
FULLT VERÐ 28.990 KR.






ZIMBERLAN NEW TRAIL GÖNGUSKÓR
Dömu, 37–42. Herra, 41–47.

**24.990 KR.**
FULLT VERÐ 32.990 KR.



VIKING GÚMMÍSKÓR
Stærðir 35–47

**3.992 KR.**
FULLT VERÐ 4.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 132054

## SVONA ERUM VIÐ



**Um 40** **trúfélög eru skráð starfandi á Íslandi.**

Fjórtán þeirra eru með færri en 100 skráða félaga, en hið fámennasta þeirra nefnist Heimakirkja, með tíu skráða félaga. Næstfámennast er Ísland kristin þjóð, með 15 félaga.
Árið 2008 voru átta trúfélög með færri en 100 félaga. Það ár voru Fjölskyldusamtök heimsfriðar og sameiningar fámennust, með fjóra félaga skráða.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Stefna Stúdentaráðs á hendur ríkinu og Lánasjóði íslenskra námsmanna kemur ráðherra á óvart:

# Stúdentaráð stefnir LÍN fyrir dómstóla

**MENNTAMÁL** Stefna Stúdentaráðs á hendur ríkisins og Lánasjóði íslenskra námsmanna vegna breytinga á útlánareglum sjóðsins verður þingfest á morgun.

Að sögn Maríu Rutar Kristinsdóttur, formanns Stúdentaráðs, fær málið flýtimeðferð fyrir dómstólum. „Þannig að það kemur vonandi í ljós í ágúst hvort komið verður til móts við okkur,“ segir hún. Hún segir að ekki hafi verið litið við niðurskurðartillögum þeirra og þau hafi alls staðar komið að lokuðum dyrum og því sé þetta eina færa leiðin.

„Þetta kemur mér nokkuð á óvart,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra. „Þau virðast vera að kæra að gerð sé sama krafa um námsframvindu til þeirra eins og gerð er til stúdenta á hinum Norðurlöndunum og gerð var til stúdenta hér á landi til ársins 2008.“



**MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR**



**ILLUGI GUNNARSSON**

Hann bendir á að komið hafi verið til móts við Stúdentaráð þannig að litið verður til námsársins í stað námsmisseris þegar árangur er metinn, hertar kröfur muni ekki ná til nemenda sem búi við sérstakar aðstæður og einnig að sérstakt tillit verði tekið til þeirra sem eru að ljúka námi.

Illugi ítrekar að breytingarnar geri ráð fyrir að námslánin hækki. „Stúdentunum var boðið að fresta þessari breytingu, það er að segja þessum auknu kröfum og hækkuninni. Þeir höfnuðu því. Það segir svolítið til um hvernig þeir meta stöðuna. Þeir telja það greinilega mikilvægt að hækkunin nái fram að ganga og skil ég það vel,“ segir menntamálaráðherra. **- jse**



**ENN Á STRANDSTAÐ** Costa Concordia liggur á hliðinni og leggst hægt saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reynt að bjarga skipi:

## Síðustu forvöð verða í haust

**ÍTALÍA, AP** Brátt eru síðustu forvöð til að bjarga skemmtiferðaskipinu Costa Concordia af strandstað við Ítalíu. Björgunarfólk vinnur í kapp við tímann. Nick Sloane, sem stjórnar aðgerðum á strandstað, segir í viðtali við AP-fréttastofuna að skipið sé hreinlega að leggjast saman undan eigin þyngd.

Hann segir að síðasta tækifærið til að rétta það við og fleyta því burt verði um miðjan september. Eftir það sé ekkert hægt að gera.

Alls fórust 32 þegar skipið strandaði við ítölsku eyjuna Giglio þann 13. janúar árið 2012. **- gb**

Afstaða ráðuneytis hörmuð:

## Vilja ekki fara í sjúkraflutninga

**SVEITARSTJÓRNIR** Velferðarráðuneytið segist ekki geta veitt meira fjármagn til sjúkraflutninga Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja að óbreyttum fjárlögum. Bæjarráð Grindavíkur kveðst harma hve langan tíma hafi tekið að fá svör frá ráðuneytinu.

Kveðst bæjarráðið ítreka „andstöðu sína við breytingar á sjúkraflutningum í Grindavík, sem fela í sér að ábyrgð á flutningunum færist frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til Brunavarna Suðurnesja.“ **- gar**

# Hækka þarf iðgjaldið um 1%

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, segir að það þurfi að hækka iðgjald um eitt prósent til að koma til móts við halla sjóðsins. Eins prósents hækkun myndi kosta ríki og sveitarfélög einn milljarð á ári.

**EFNAHAGSMÁL** „Það þarf að grípa til aðgerða fyrir 1. október til að koma til móts við halla. Eins prósents hækkun iðgjalda myndi koma halla sjóðsins innan lagalegra marka,“ segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR).

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga er afar slæm eins og fram hefur komið í greiningu Fjármálaeftirlitsins. Halli sjóðanna nemur um 574 milljörðum króna. Stærstur hluti þessa halla er vegna skuldbindinga LSR.

Samkvæmt ársreikningi sjóðsins er munur á eignum og skuldbindingum sjóðsins um 466 milljarðar króna. Skuldbindingarnar skiptast í 360 milljarða króna skuldir í B-deild, 60 milljarða króna skuldir í A-deild og 43 milljarða króna skuld í lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.

B-deildin er byggð á gömlu kerfi sjóðsins, þar sem sjóðsfélagar hafa unnið sér inn réttindi án þess að þau hafi verið fjármögnuð til fulls. Gamla kerfinu var lokað fyrir nýja sjóðsfélaga árið 1997 til þess að byggja upp nýtt og sjálfbært kerfi sem sett var undir deild A.

A-deildin var hönnuð þannig að iðgjöld myndu duga fyrir skuldbindingum, en það hefur ekki staðist.

„Hvað varðar A-deildina þarf að hækka iðgjöld um eitt prósent á þessu ári til þess að að minnka halla sjóðsins innan lagalegra marka,“ segir Haukur.

Í fyrra var munur á eignum og skuldbindingum í A-deild neikvæður um 12,5 prósent fimmta árið í röð. Samkvæmt lögum verður hallinn að vera minni en 10 prósent.

Haukur bætir við að halli vegna B-deildar sé hins vegar ekki á tíma. „Gamla kerfi sjóðsins er þannig uppbyggt að ekki var gert ráð fyrir því að það væri innistæða fyrir áunnum réttindum, og það hefur alltaf verið vitað. Þó er brýnt að gera áætlun um hvernig eigi að fjármagna þessi réttindi,“ segir Haukur.



> **Gamla kerfi sjóðsins er þannig uppbyggt að ekki var gert ráð fyrir því að það væri innistæða fyrir áunnum réttindum.**
>
> *Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri LSR*

Í ársskýrslu sjóðsins segir að tryggingaleg staða B-deildar sé afar óheppileg og að vænlegra hefði verið að ríkissjóður hefði á sínum tíma tekið ákvörðun um að greiða aukalega í B-deildina til að koma til móts við skuldbindingar. Það var hins vegar ekki gert.

Ef farið yrði í aðgerðir til að bæta halla LSR bæði með því að hækka iðgjöld um eitt prósent og með því að greiða upp skuldbindingar í B-deild á 30 árum þyrftu ríki og sveitarfélög að gera ráð fyrir níu milljörðum króna árlega til þess að koma til móts við skuldbindingar sjóðsins. **lovisa@frettabladid.is**

## Þurfa 9 ma. á ári til að mæta skuldbindingum




*Neikvæð staða B-deildar LSR og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.




**HÖFUÐSTÖÐVAR LSR** Framkvæmdastjórinn boðar hækkun iðgjalda um áramótin.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HLÝNAR N-LANDS** á morgun en svalara þar í dag. Snýst í S-læga átt með rigningu víða á morgun og á föstudag. Fremur hægur vindur víðast hvar. Hiti 9-18 stig.




**Á morgun**
3-13 m/s, hvassast NA-til




**Föstudagur**
3-13 m/s, hvassast A-til

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 30° | Billund | 25° | Gautaborg | 23° | London | 29° | Orlando | 30° | San Francisco | 18° |
| Basel | 30° | Frankfurt | 28° | Kaupmannahöfn | 23° | Mallorca | 36° | Ósló | 27° | Stokkhólmur | 24° |
| Berlín | 27° | Friedrichshafen | 28° | Las Palmas | 26° | New York | 32° | París | 29° | | |



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# BÍLA KAFFI

## VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM BÍL HJÁ OKKUR Í DAG




### NISSAN QASHQAI DÍSIL

**4.990 þús. kr.**

Vinsælasti fjórhjóladrifni bíll landsins.

Eldsneytisnotkun frá **4,6 l/100 km***

DÍSIL




### RENAULT MEGANE DÍSIL

**3.290 þús. kr. beinskiptur**

3.590 þús. kr. sjálfskiptur dísil.
Lægsti $CO_2$ útblástur í flokknum 90 g/km.

Eldsneytisnotkun frá **3,2 l/100 km***

P FRÍTT Í STÆÐI
FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

DÍSIL




### SUBARU XV SJÁLFSKIPTUR

**5.390 þús. kr.**

Nýr sparneytinn Subaru með fullkomið fjórhjóladrif, bakkmyndavél og „start/stopp" búnað á vél.

Eldsneytisnotkun frá **5,5 l/100 km***

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í langkeyrslu

ENNEMM / SÍA / NM58538

B|L

Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

| Bílahúsið | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands |
|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is |
| 421 8808 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 |

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Vegna hvers finnst Mariu Damanaki, sjávarútvegsstjóra Evrópusambandsins, að beita þurfi Íslendinga refsiaðgerðum?
**2.** Hvað stendur á gluggamiðum sem Konditorsamband Íslands lét útbúa sérstaklega?
**3.** Hversu margar ríkisstofnanir eru ítrekað reknar með halla samkvæmt Ríkisendurskoðun?

**SVÖR:**
**1.** Vegna makrílveiða. **2.** „Hér starfar konditor.“ **3.** Átta ríkisstofnanir.

Var kærður fyrir kynferðisbrot gegn tólf ára stúlku en sagðist saklaus:

# Mál lögreglumanns fellt niður

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur lokið rannsókn á máli lögreglumanns á Fáskrúðsfirði sem kærður var fyrir kynferðisbrot gegn tólf ára stúlku. Málið var látið niður falla þar sem það sem fram var komið þótti ekki nægjanlegt eða líklegt til sakfellingar.

DV greindi fyrst frá málinu um miðjan maí síðastliðinn. Þar kom fram að lögreglumaðurinn hefði verið sendur í leyfi í fyrrahaust eftir að kæran barst. Haft var eftir manninum að enginn fótur væri fyrir ásökununum og að þær stöfuðu af óvild föður stúlkunnar í hans garð.

Lögreglumaðurinn var áður í sambandi við móður stúlkunnar og hefur umgengist hana reglulega síðan. Hann var sakaður um að hafa leitað á stúlkuna utan klæða í ferðalagi til Reykjavíkur.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagðist lögreglumaðurinn vera snúinn aftur til starfa hjá lögreglunni þótt hann væri um þessar mundir í sumarleyfi. Málið hefði fengið mjög á hann og fjölskyldu hans. - sh



**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR** Maðurinn hafði verið í leyfi frá því í fyrrahaust.

Ákærði ber við minnisleysi:

# Barnaníðingi birt ákæra

**DÓMSMÁL** Maðurinn sem grunaður er um að hafa þvingað tíu ára stúlku upp í bíl sinn í Vesturbæ 14. maí, keyrt með hana í Heiðmörk og brotið gegn henni kynferðislega hefur verið ákærður.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara verður þinghald lokað. Maðurinn var handtekinn sama dag og brotið átti sér stað. Voru það greinargóðar lýsingar stúlkunnar sem leiddu til handtökunnar. Maðurinn ber við minnisleysi. - hva

Kartöfluuppskeran hafin:

# Byrjar seint en fer vel af stað

**LANDBÚNAÐUR** Bændur á Suðurlandi eru um þessar mundir að hefjast handa við kartöfluuppskeruna en hún er heldur seinna á ferðinni en í fyrra, enda mun svalara í veðri en þá.

„Þetta lítur nú bara vel út,“ segir Óskar Kristinsson, bóndi í Dísukoti í Þykkvabæ, sem byrjaði að taka upp í fyrradag. „Við erum svona um tveimur vikum seinna á ferðinni í ár en það er bara svona. Maður verður að sætta sig við dyntina í náttúrunni, það er hins vegar erfiðara að sætta sig við dyntina í kaupmönnunum sem ráða verðinu,“ segir hann kankvís. - jse



Líður að kvikmyndahátíð:

# Metfjöldi umsókna á RIFF

**MENNING** RIFF, Reykjavík International Film Festival, hefur nú lokað fyrir umsóknir um sýningartíma á hátíðinni. Alls bárust 400 umsóknir, sem er metfjöldi að sögn Atla Bollasonar framleiðanda, sem starfar við hátíðina.

„Lokadagskráin verður í kringum 100 myndir. Hluti af þeim er sérvalinn og fer ekki í gegnum umsóknarferlið,“ segir Atli.

Hátíðin var haldin í fyrsta skipti árið 2005. Í ár verður hún haldin dagana 26. september til 6. október. Á hverju ári hlýtur ein mynd Gullna lundann, aðalverðlaun hátíðarinnar. Í fyrra varð myndin Beasts of the Southern Wild fyrir valinu en hún átti síðar eftir að hljóta tilnefningu til Óskarsverðlaunanna. - nej

# Rotþró á Hakinu að springa undan álagi

**Fyrirtæki sem seldi fráveitustöð fyrir skolp á Hakinu á Þingvöllum segir hana hafa verið vanáætlaða í upphafi. Ferðamannastraumurinn hafi sprengt rotþróna utan af sér. Ný tíðindi, segir þjóðgarðsvörður. Ef til vill sé betra að aka skolpinu burt.**

**UMHVERFISMÁL** „Stöðin er sprungin og annar ekki eftirspurn,“ segir Þórir Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Tengis, um frárennslisstöð sem tekur við skolpi úr snyrtingum ferðamanna á Hakinu á Þingvöllum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu 5. júlí síðastliðinn telur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að þrátt fyrir að um sé að ræða viðurkennda fráveitulausn við snyrtingarnar á Hakinu uppfylli stöðin ekki kröfur um hreinsun skolps. Það eigi sérstaklega við um minnkun köfnunarefnis og fosfórs. Lágt hitastig yfir vetrartímann dragi verulega úr hreinsivirkninni.



**ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON**

Stöðin frá Tengi er af gerðinni Inno Clean. Þórir segir margar slíkar stöðvar um allt land virka mjög vel. Stöðvunum er ætlað að hreinsa skolpið áður en það fer út í jarðveginn.

„Varðandi stöðina á Hakinu sem er af sömu gerð þá er staðan einfaldlega sú að hún annar ekki eftirspurn, það eru miklu fleiri að nýta sér salernisaðstöðuna en ráð var fyrir gert í upphafi,“ segir Þórir. Rétt sé að virkni stöðvarinnar sé minni á veturna vegna kulda. Það hafi þó einfaldlega ekki úrslitaáhrif.

„Hönnunin var vanáætluð í upphafi og menn gerðu sér alls ekki grein fyrir því hversu gríðarleg fjölgun myndi verða á ferðamönnum á Íslandi,“ segir Þórir. „Það fer eftir stærð stöðvarinnar hvað hún er afkastamikil og það kom bersýnilega í ljós eftir síðustu mælingar að stöðin er sprungin. Það er ástæða þess að hún uppfyllir ekki þær kröfur sem til hennar eru gerðar.“

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, bendir á að grundvöllur ályktana heilbrigðiseftirlitsins sé aðeins ein mæling í stöðinni á Hakinu. Strax hafi verið brugðist við með því að tæma stöðina. Hann hafi einnig óskað eftir nýrri mælingu og bíði nú eftir niðurstöðu hennar.

Ólafur kveður það algerlega ný tíðindi fyrir sér að stöðin sé of lítil og virki ekki.



**FRÁVEITAN Á HAKINU** Uppfyllir ekki kröfur, segir heilbrigðiseftirlitið um fráveitustöðina á Hakinu. Er einfaldlega ekki nógu stór, segir söluaðilinn. MYND/HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS

> **„Það kom bersýnilega í ljós eftir síðustu mælingar að stöðin er sprungin.**
> *Þórir Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Tengis.*

„Ef það reynist rétt þá finnst mér að þjóðgarðurinn megi hugsa það mjög rækilega að setja upp safntank í staðinn fyrir þessa stöð og keyra allt frárennsli í burtu. Því það er alveg ófrávíkjanlegt að þjóðgarðurinn verður að hafa þessi mál í fullkomnu lagi,“ segir þjóðgarðsvörður.

gar@frettabladid.is

Herferð er hafin til fjáröflunar á tækjabúnaði til krabbameinsmeðferðar:

# Fangar pökkuðu nöglunum inn

**GÓÐGERÐARMÁL** Fjáröflun fyrir nýjum línuhraðli til handa Landspítalanum hófst um síðustu helgi. Línuhraðlar eru sá tækjabúnaður sem notaður er við geislameðferð krabbameinssjúklinga.

Tveir slíkir eru á Landspítalanum en þeir eru komnir til ára sinna og því brýn þörf á einum nýjum að sögn Jóhannesar V. Reynissonar. Hann fer fyrir herferðinni, sem hann segir jafnframt átak til vitundarvakningar um blöðruhálskrabbamein. Fjáröflunin er í formi sölu barmmerkja með bláa naglanum.

„Nú ætla ég að herja á ferðamennina,“ segir Jóhannes. „Fyrir hvert barmmerki með bláa naglanum sem keypt er verður gróðursett eitt tré í Heklu-skógum svo þetta er líka kjörið tækifæri fyrir þá að skilja eitthvað jákvætt eftir sig á Íslandi,“ segir hann.

Jóhannes segist hafa lent í vandræðum þegar kom að því að koma bláa naglanum í umbúðir. „Ég var búinn að gera ráð fyrir því að fá verndaðum vinnustað það verk en þegar til kastanna kom voru allir þar komnir í sumarfrí. Þá komu hins vegar naglarnir á Litla-Hrauni til skjalanna og tóku þetta að sér.“

Jóhannes biðlar nú til fólks sem getur lagt hönum lið svo að barmmerkið með bláa naglanum verði sem víðast fyrir augum ferðamanna. - jse



**MEÐ BLÁU NAGLANA** Pin of hope kallast sá blái nú meðan herjað er á ferðamennina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGU-GREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## LAGERHREINSUN
### Á ARINELDSTÆÐUM





**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

GOTT ÚRVAL

Rétti bíllinn í sumarfríið fæst hjá okkur!

Allt að 80% lánamöguleikar



Tökum notaðan uppí notaðan! Gerðu frábær kaup!

RANGE ROVER HSE
Nýskr. 04/06, ekinn 128 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 141284.

Glæsilegt eintak kr. 5.580 þús.



SUBARU LEGACY OUTBACK
Nýskr. 04/08, ekinn 91 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.790 þús.
Rnr. 201071.



SUBARU LEGACY WAGON
Nýskr. 01/04, ekinn 199 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 990 þús.
Rnr. 130545.



REANULT CLIO
Nýskr. 01/13, ekinn 6 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.190 þús.
Rnr.130623.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 118. þús. km. dísel, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.390 þús.
Rnr.101779.



TOYOTA LAND CRUISER
150 GX. Nýskr. 03/08, ekinn 101 þús. km., bensín.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr.130345.



NISSAN MURANO 3.5
Nýskr. 09/08, ekinn 71 þús. km. bensín.
VERÐ kr. 3.390 þús.
Rnr.270301.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is



**DAGSINS ÖNN** Einar bóndi losar spriklandi laxa úr neti sínu neðan við Urriðafoss. Meðalvigt laxanna í Þjórsá er um fimm pund.

# Góð laxveiði í Þjórsá

Netabændur við Þjórsá hafa aflað vel í sumar. Fréttablaðið vitjaði um netin með Einari Haraldssyni á Urriðafossi. Einar sendir lax utan með flugi til London í dag.



**AFLINN HIRTUR** Tíu laxar reyndust vera afli dagsins í gær.

**LANDBÚNAÐUR** „Það hefur gengið mjög vel," segir Einar Haraldsson, bóndi á Urriðafossi, um laxveiði sumarsins í Þjórsá.

Urriðafoss á netalagnir við samnefndan foss og einnig neðar í ánni. Einar segir meðalveiði allra 160 jarðanna í veiðifélagi Þjórsár vera um fjögur þúsund laxa á sumri. Dágóður hluti aflans sé dreginn á jörðunum þremur sem eiga land beggja vegna við Urriðafoss.

Einar ekur með aflann til Reykjavíkur þar sem hann er seldur í Melabúðinni. „Reyndar er að fara í fyrsta skipti dálítil prufusending með flugi til London," upplýsir hann. Sending fer utan í dag. Einar kveðst ekki vita til þess að aðrir netabændur sendi lax utan með flugi.

Netaveiðin í Þjórsá er bæði þung í vöfum og hættuleg því straumurinn er stríður og iðukóstin öflug. Laxinn þarf síðan að bera um grýtta bakka upp frá ánni.

Einar, sem er fæddur og uppalinn á Urriðafossi, neitar því ekki að gaman geti verið að vitja um netin. „Það er þó kannski ekkert endilega skemmtilegt að bera upp fleiri tugi kíló af laxi – en allt er þetta bara vinna," segir bóndinn á Urriðafossi.

gar@frettabladid.is



**FALLEGT UMHVERFI** Strigapoki tók við laxinum sem Einar bar síðan á bakinu upp á bakka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


GARÐSETT
4 stólar og borð með glerplötu.Álgrind, klædd með UV rattan, sessur fylgja með.
Verð nú:
61.500
Áður: 87.900
Þú sparar:
26.400
TAKMARKAÐ MAGN!
SUMAR
ÚTSALAN
ALLT Á AÐ SELJAST!
GARÐHÚSGÖGN
VERÐHRUN!
GARÐSTÓLL
Evergreen
Verð nú:
6.900
Áður: 9.900
Þú sparar:
3.000
GARÐSTÓLL
Formentor, staflanlegur, ál/weathertex
Verð nú:
6.990
Áður: 11.590
Þú sparar:
4.600
GARÐSTÓLL
Formentor, m/stillanlegum örmum ál/weathertex
Verð nú:
11.900
Áður: 17.900
Þú sparar:
6.000
GARÐSTÓLL
Toledo, álgrind/UV rattan
Verð nú:
7.990
Áður: 12.490
Þú sparar:
4.500
SÝPRIS
799
GARÐBORÐ
Lynx, 150x90 cm
Verð nú:
18.900
Áður: 28.900
Þú sparar:
10.000
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN Á VÖLDUM VÖRUM
GARÐSTÓLL
Tonga Nature
Verð nú:
8.895
Áður: 12.895
Þú sparar:
4.000
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956
DYNAMO REYKJAVIK

Mikill fjöldi umsókna barst:

## Sex tónlistarverkefni styrkt

**MENNING** Sex verkefnin hlutu ferðastyrk Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar í júlímánuði.

Þau eru Alexandra Chernyshova, til að setja upp nútímaóperu hjá New York Center for Contemporary Opera, Ung Nordisk Music fyrir kynningu á nýrri klassískri íslenskri tónlist í miðstöð nýrrar tónlistar og hljóðlistar í Ósló, og Myrra Rós, Lord Pusswhip, Two Step Horror, Captain Fufanu AMFJ, Dikta og Skálmöld fyrir tónleikahaldi. **- ósk**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftir eigendum þessara muna sem var stolið í innbrotum:

# Lögregla leitar eiganda stolinnar myntar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur í fórum sínum margvíslega muni í tengslum við innbrot í vor og leitar nú eigenda þeirra.

Á meðal þess sem er inni á borði lögreglu er stórt safn sérsláttu sem gefin var út í tilefni verndunar fiskimiða við Íslandsstrendur, Landgrunnslaga og 200 mílna stækkunar landhelginnar 1976.

Líkanið sem myntin er smíðuð eftir var gerð af Gunnlaugi H. Jörundssyni og gefin út af Sjávarútvegsráðuneytinu. Peningarnir eru bæði úr silfri og gulli. Auk sérsláttunnar hefur lögreglan í fórum sínum ýmsa skartgripi, perlufestar, eyrnalokka og slíkt.

Ef fólk telur sig eiga munina er því bent á að hafa samband við rannsóknardeild lögreglunnar í Hafnarfirði og staðfesta eignarhaldið. **- mlþ**



**MERK MYNT** Á meðal munanna er þessi sérslátta en hún var gefin út af Sjávarútvegsráðuneytinu vegna stækkunar íslensku fiskimiðanna í 200 mílur.



**ÝMIST SKART** Í fórum lögreglu er einnig talsvert magn af margvíslegu skarti.






## HEIMURINN




### Súdansforseti flúði

**1 NÍGERÍA** Omar al Bashir, forseti Súdans, flúði í gær aftur heim frá Nígeríu, daginn eftir að hann kom þangað til að sitja leiðtogafund Afríkubandalagsins um heilbrigðismál. Al Bashir er eftirlýstur af Alþjóðasakadómstólnum fyrir þjóðarmorð og stríðsglæpi vegna átakanna í Darfúr-héraði. Mannréttindasamtök leituðu til dómstóla í Nígeríu í gær til að þrýsta á að þarlend stjórnvöld handtækju al Bashir og framseldu til Hollands, þar sem dómstóllinn er til húsa.

### Grikkland lamað

**2 GRIKKLAND** Allsherjarverkfall lamaði allt mannlíf í Grikklandi í gær. Lestarsamgöngur lágu niðri, flugsamgöngur riðluðust og starfsfólk sjúkrahúsa var í hægagangi. Til verkfallsins var boðað í mótmælaskyni við tilkynningar stjórnvalda þess efnis að enn á ný verði þúsundir starfa hjá hinu opinbera skornar niður. Þetta er í fjórða skipti á árinu sem efnt er til allsherjarverkfalls í Grikklandi.

### Sótti formlega um hæli

**3 RÚSSLAND** Anatólí Kútsjerena, lögmaður Edwards Snowden í Rússlandi, staðfesti í gær að hann hefði sent inn formlega umsókn um tímabundið hæli í Rússlandi. Tímabundið hæli í Rússlandi gildir í eitt ár, en getur verið framlengt um ár í senn. Fái Snowden tímabundið hæli í Rússlandi verður honum frjálst að ferðast um landið. Kútsjerena segir að hann hafi engin áform um að fara frá Rússlandi í bráðina.









# Handtóku leiðtoga zetuklíkunnar

Stærsta og hættulegasta fíkniefnaklíka Mexíkó situr uppi án leiðtoga eftir að Trevino Morales var handtekinn snemma á mánudag. Höfuðpaurinn skilur hins vegar eftir sig smærri hópa sem eiga áfram eftir að berjast innbyrðis um völdin.

**MEXÍKÓ, AP** Yfirvöld í Mexíkó segja handtöku höfuðpaurs Zetuklíkunnar svonefndu, Los Zetas, mikið áfall fyrir stærstu og hættulegustu fíkniefnasamtök landsins.

Sérfræðingar óttast þó að ekki muni draga svo neinu nemi úr ofbeldi í landinu í tengslum við fíkniefnaglæpi.

Trevino Morales, leiðtogi klíkunnar, var handtekinn eldsnemma á mánudagsmorgun skammt frá landamæraborginni Nuevo Laredo, þar sem höfuðstöðvar Los Zetas hafa verið. Mexíkóskir hermenn stöðvuðu þar bifreið, og þá kom í ljós að í bílnum var Morales ásamt lífverði og endurskoðanda. Í bifreiðinni voru einnig tvær milljónir Bandaríkjadala og átta skotvopn.



**TREVINO MORALES**

Morales er áttundi höfuðpaurinn úr fíkniefnaheiminum sem handtekinn er í Mexíkó frá árinu 2011, en sá fyrsti frá því Enrique Pena Nieto tók við forsetaembættinu í Mexíkó á síðasta ári. Hann hafði lofað hörðum aðgerðum gegn ofbeldinu, sem tengist fíkniefnaheiminum.

Nú þegar Morales hefur verið tekinn úr umferð má búast við að hann skilji eftir sig allmarga sundurlausa hópa sem halda áfram að stunda fíkniefnaglæpi og styrkja völd sín með harðskeyttu ofbeldi.

„Það verða fleiri sem kalla sig Zetur, klíkur einstaklinga sem halda áfram að vinna á sama hátt,“ segir Alejandro Hope, fyrrverandi starfsmaður mexíkósku leyniþjónustunnar.

Glæpaklíkan Los Zetas hefur verið starfandi í Mexíkó frá því stuttu fyrir aldamótin. Klíkan dregur nafn sitt af því að fyrsti leiðtogi samtakanna, Arturo Guzman Decena, var nefndur Z-1 í talstöðvarsamskiptum lögreglunnar. Morales er með númerið Z-40.

Flestir helstu forsprakkar klíkunnar eru fyrrverandi lögreglumenn eða hermenn, sem gengu til liðs við fíkniefnapaurana og hafa framið mörg verstu ofbeldisverkin í Mexíkó síðustu ár.

gudsteinn@frettabladid.is

## FÍKNIEFNAKLÍKURNAR Í MEXÍKÓ




Heimildir: Stratfor, Milenio © GRAPHIC NEWS



**LAUNAHÁIR** Breskir bankar, á borð við Royal Bank of Scotland, borga hæstu launin í Evrópu.

Fá yfir 170 milljónir á ári:

## Breskir bankamenn með hæstu launin

**VIÐSKIPTI** Bankamenn í Bretlandi afla hæstu teknanna í Evrópu, samkvæmt tölum bankaeftirlits Evrópusambandsins.

Í tölunum kemur fram að laun 2.346 breskra bankamanna árið 2011 hafi verið hærri en sem nemur einni milljón evra, eða tæplega 170 milljónum króna. Til að setja þetta í samhengi öfluðu ekki nema 739 bankamenn í öllum hinum Evrópuríkjunum samanlagt slíkra tekna.

Í Þýskalandi, sem er með annað stærsta hagkerfi í Evrópu, eru 170 bankastarfsmönnum í landinu greidd slík ofurlaun.

Bretar hafa verið andvígir viðmiðum Evrópusambandsins um þak á bónusgreiðslur í kjölfar hrunsins. Þessar tölur endurspegla það. - le






# SKOÐUN

Aðrir en ríkið geta rekið heilbrigðisþjónustu:

## Dólgakapítalismi?

Mikið er búið að skamma Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra fyrir ummæli hans á Bylgjunni á laugardag, þar sem hann sagði hann koma til greina að fleiri en ríkið tækju að sér rekstur heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisráðuneytið ætti að vera stefnumótandi en aðrir kynnu að vera færari um að annast reksturinn.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir að ríkið gæti verið að búa til „dólgakapítalisma“ þar sem ríkið glatar samningsstöðu sinni og viðsemjendurnir skammta sér sjálfir fé, Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs talar um „órökstudda einkavæðingaráráttu“ og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir að bandaríska heilbrigðiskerfið sé einkarekið, óhagkvæmt og dýrast í heimi – og gefur þar með í skyn að Kristján vilji fara sömu leið.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Að minnsta kosti sumt af þessu fólki veit betur. Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um að lögin um sjúkratryggingar, sem sett voru í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar árið 2008, eigi að virkja til fulls. Þeim ákvæðum laganna sem kváðu á um að Sjúkratryggingar Íslands eigi að virka sem kaupandi heilbrigðisþjónustu, sem gerir samninga við heilbrigðisstofnanir, var frestað í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Rökin fyrir þeirri breytingu eru þó augljós. Ríkið hefur þrjú hlutverk. Það markar stefnu um þjónustuna, fjármagnar hana og er þar af leiðandi kaupandi hennar fyrir hönd skattgreiðenda og loks sér það sjálft um rekstur á margvíslegri heilbrigðisþjónustu. Hið opinbera rekur þó ekki alla heilbrigðisþjónustu; staðreynd sem oft gleymist í þessari umræðu er að ríflega fjórðungur heilbrigðisútgjalda rennur til annarra en ríkisins.Það að einkaaðilar sjái um veitingu þjónustu þýðir hvorki að ríkið hætti að fjármagna hana né marka stefnuna. Í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi var einkarekin heilsugæzlustöð í Salahverfi heimsótt. Þar kostar þjónustan notandann það sama og annars staðar, en reksturinn er ódýrari fyrir skattgreiðendur og frammistaðan í fremstu röð.

Lögin gerðu ráð fyrir að Sjúkratrygginganar gerðu samninga við allar heilbrigðisstofnanir, sem kvæðu á um gæði þjónustunnar, afköst, biðtíma og þar fram eftir götunum. Þannig veit ríkið sem kaupandi þjónustunnar hvað það er að borga fyrir og hinn almenni skattgreiðandi, sá sjúkratryggði, veit í hverju sjúkratryggingin hans felst, en upp á það vantar verulega í dag.

Um leið opnast nýir möguleikar á að samið sé við aðra en ríkisstofnanir um að veita þjónustu ef það er gert með skilvirkari eða ódýrari hætti en ríkið gerir. Á sínum tíma, þegar ríkið bauð út gerð augnsteinaaðgerða, buðu einkaaðilar um þriðjung af því verði sem Landspítalinn vildi fá fyrir þær. Þá lá í augum uppi að semja við þá. Eins má segja að ef ríkisstofnun getur sinnt verkefni sem einkarekin stofnun hefur nú með höndum með ódýrari hætti eigi ríkið að færa viðskipti sín þangað.

Árni Páll Árnason skrifaði á sínum tíma um sjúkratryggingalögin á heimasíðuna sína: „Ýmsir hafa haft hátt á undanförnum mánuðum um að í breytingunum felist einkavæðing, markaðsvæðing, sala sjúklinga, sjúklingaskattar eða eitthvað þaðan af verra. Í umræðum á Alþingi kom fram að engin innistæða er fyrir gífuryrðum af þessum toga…“

Það er nefnilega rétt hjá honum. Og ekki ástæða til að fleygja sér sjálfkrafa ofan í pólitískar skotgrafir í þessu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### KOM komið til áhrifa

Fólk úr almannatengslafyrirtækinu KOM er komið til talsverðra áhrifa á Íslandi í kjölfar þess að ný ríkisstjórn tók við stjórnartaumum. Sjálfstæðisflokkurinn tilnefndi Jón Hákon Magnússon, eiganda og framkvæmdastjóra KOM, sem varamann í stjórn RÚV. Jón Hákon vakti fyrir skömmu athygli fyrir eindregna afstöðu í málefnum uppljóstrarans Edwards Snowden í viðtali á Bylgjunni; taldi Íslendinga ekki hafa nokkra þörf fyrir Snowden – þeir þyrftu að hugsa um eigin hagsmuni. Þá var Jón Hákon einnig áberandi sem helsti ráðgjafi Geirs H. Haarde í kringum landsdómsmálið, og stýrði þar eins konar gagnárás Geirs eftir dómsuppkvaðninguna.



### Ekki leitað langt yfir skammt

RÚV heyrir sem alkunna er undir menntamálaráðuneytið. Þess vegna er líka athyglisvert að skoða tengsl **Illuga Gunnarssonar** menntamálaráðherra við KOM. Þegar Illugi tók sér launalaust leyfi frá þingstörfum í upphafi árs 2011, á meðan verið var að rannsaka stjórnarsetu hans í hinum umdeilda Sjóði 9 hjá Glitni, var hann ráðinn í ráðgjafahóp KOM og í sérverkefni fyrir fyrirtækið. Og svo vel hefur honum líkað hjá fyrirtækinu að aðstoðarmaður hans kemur einmitt frá KOM; áður en Sigríður Hallgrímsdóttir mætti í menntamálaráðuneytið starfaði hún þar sem ráðgjafi.



### Öfuga sálfræðin

**Sigurður Ingi Jóhannsson** sjávarútvegsráðherra telur að hótanir Evrópusambandsins um refsiaðgerðir vegna makrílveiða séu óhóflegar og hafi „þveröfug áhrif“ við það sem þeim er ætlað. Það er merkilegt. Ef Evrópusambandsmenn væru snjallir mundu þeir ganga á lagið í þessu öfuga sálfræðistríði og grátbiðja okkur um að veiða sem mestan makríl – þá mundum við kannski hætta því.

**stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Möglað um mosku

TRÚMÁL



**Helgi Hrafn Gunnarsson**

þingmaður Pírata



**Þórgnýr Thoroddsen**

Pírati

Nýlega barst Pírötum bréf þar sem borið var undir flokkinn að taka afstöðu gegn byggingu bænahúss múslíma í Reykjavík. Það skal tekið fram strax að Píratar munu ekki beita sér gegn byggingu bænahúss múslima, eða nokkurra annarra trúarbragða.

Einu áþreifanlegu rökin sem færð voru fyrir því að moska skyldi ekki rísa í Reykjavík voru þau „[…] að þessi trúarbrögð byggjast á mjög róttækri hugmyndafræði og eru mikil öfgaöfl, einnig standast þau engan veginn jafnréttislög á Íslandi“.

Það verður að teljast í meira lagi undarlegt að ætla abrahamískum trúarbrögðum samhljóm með jafnrétti eða þá öðrum grundvallarréttindum ef út í það er farið.

„Konan á að læra í kyrrþey, í allri undirgefni. Ekki leyfi ég konu að kenna eða taka sér vald yfir manninum, heldur á hún að vera kyrrlát. Því að Adam var fyrst myndaður, síðan Eva. Adam lét ekki tælast, heldur lét konan tælast og gjörðist brotleg. En hún mun hólpin verða, sakir barnburðarins, ef hún stendur stöðug í trú, kærleika og helgun, samfara hóglæti.“ – Fyrra Tímóteusarbréf, 2:11-15 (Nýja testamenti).

**Rétta leiðin að nýta tjáningarfrelsið**

Íslenskt samfélag hefur sem betur fer þroskast úr því að taka ríkistrúna of alvarlega, en sú þróun átti sér ekki stað með banni á kirkjum, bænahaldi, Biblíulestri eða trúboði. Ekki þarf boð eða bönn til að almenningur hætti að taka mark á Biblíunni. Árangursríkasta leiðin til að sporna við neikvæðri hugmyndafræði er efling borgararéttinda, ekki takmörkun þeirra.

**→ Ef fólk hefur áhyggjur af hugmyndafræði íslams, eða þá annarra trúarbragða, þá er rétta leiðin sú að nýta þau borgararéttindi sem bjóðast, nefnilega trú-, skoðana- og tjáningarfrelsið**

Ef fólk hefur áhyggjur af hugmyndafræði íslams, eða þá annarra trúarbragða, þá er rétta leiðin sú að nýta þau borgararéttindi sem bjóðast, nefnilega trú-, skoðana- og tjáningarfrelsið til þess að gagnrýna þau efnislega. Svo mikið er víst að af nógu er að taka.

Trúfrelsi, rétt eins og tjáningarfrelsi, byggir nefnilega ekki á því að fólk fari eingöngu með sannar og fallegar staðhæfingar, heldur á því að næg sé samkeppnin á vettvangi hugmyndaskiptanna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Alþingislimrur

Í DAG
**Sif Sigmarsdóttir**
rithöfundur



*Sigmundur Davíð hét drengur
en þjóð sinni þóttist hann fengur.
Hann drakk Mountain Dew,
saug íslenska kú
og Jónas frá Hriflu hel-kengur.*

*Þótt skammstafanirnar ei skildi
hann útlendingana ei vildi
Ekkert E og ESS BÉ
eða A GÉ ESS fé.
Aðeins íslenska aurinn hann þyldi.*

*Hann þjóðsönginn baulaði bráðvel
er fingurinn fetti til Brussel.
Svo lofað'ann öllum
konum og köllum
ávísun fínni sem flauel.*

*Á Bessastöðunum bjó búkarl
sem taldi sig stakasta stórjarl.
Valdsprota veifaði
og Sigmund hann blessaði
er át kynhreinan mjúkís
í kvöldsnarl.*

*En keisarinn klæddist ei neinu
því fjárkistan var öll í kleinu.
Heimilin biðu
er stjórnvöld þeim riðu.
En vinum þau veitt' ekki skeinu.*

*Hádegismóum í hann Davíð
spann upp á nýtt fagra fortíð.
ELL, Í og Ú
hann var eins og frú
sem tottaði húsbóndann taumþýð.*

*Bjarni hét strengja hans brúða
sem sýnd' af sér hollustu prúða.
Sjálfstæðismenn
yrðu nú senn
allt innan ríkis herbúða.*

*Dómarar, herrar og hirðmenn,
ambassadorar og amtmenn.
Bitlingahaf
í bólakaf
færð' alla trúfasta flokksmenn.*

*Fjöllin og fossa og læki
þeir fengu að gjöf gegnum klæki.
Silfrið í sæ
þeir hirtu sem hræ
og hunsuðu skrílsins hópskræki.*

*Umhverfisráðherra sjálfan
sig harður skar niður um hálfan.
Allt átt' að virkja
en ekkert að yrkja
svo brúnirnar hóf öll heimsálfan.*

*Útlanda ráðherra, smalinn
var náskyldur Söru Palin.
Hann kunn' ekki ensku
né aðra útlensku
og vild' ekki skilja við dalinn.*

*Stjórnarandstaða með veggjum
læddist á veikburða leggjum.
Árni Páll datt
en Steingrímur hratt
hyglaði héraðs flokksseggjum.*

*Píratar, þings gúddí gæjar,
vildu gagnageymslurnar
gegnsæjar,
veraldarvef
og ekkert þref.
Þá í kviklega fingurna klæjar.*

*En Alþingi vild' engu breyta
og virðingu vanans varðveita.
Moska, nei takk
Snowden, oj bjakk.
Hvorki Kana né kirkju áreita.*

*Nú þingheimur farinn í frí er
svo rekur á reið' okkar útsker.
Á blautri baðströnd
þjóðin með önd
í hálsinum bíður á bömmer.*

*Ég fær' ykkur ambögu þessa
að skilnaði, pen sem loftpressa.
Í bili ég kveð
er barni út treð.
Með haustinu aftur mun messa.*

Pistlahöfundur heldur nú í barneignarleyfi og kveður því að sinni. Lesendum er þökkuð samfylgdin síðustu ár.

# Rekstrarform heilsugæslunnar

HEILBRIGÐISMÁL



**Oddur Steinarsson**
yfirlæknir og framkvæmdastjóri Kortedala Vårdcentral och BVC í Gautaborg

**➔ Fjöldi sjálfstæðra aðila rekur heilbrigðisþjónustu á Íslandi í dag. Í heilsugæslunni má nefna Salastöðina, Heilsugæsluna Lágmúla, Læknavaktina og að auki eru nokkrir heimilislæknar með sjálfstæðan rekstur.**

Heilbrigðisráðherra opnaði í viðtali á Bylgjunni á þann möguleika að opna fyrir önnur rekstrarform í Heilsugæslunni á Íslandi. Nokkur viðbrögð voru við þessu og því miður sum neikvæð.

Ég hef síðustu fjögur árin byggt upp sjálfstæða heilsugæslu í Gautaborg. Með því að reka þetta sjálfstætt hefur okkur tekist að vaxa um 5% á ári og toppa gæða- og þjónustukannanir árlega á okkar svæði. Í síðustu könnun vorum við efst í allri Austur-Gautaborg.

Eiginkona mín er barnalæknir. Ef við flytjum heim til Íslands getur hún opnað stofu en ég hef ekki slík tækifæri. Þannig er okkur mismunað eftir ólíkum sérgreinum og ekki spennandi starfstækifæri fyrir mig á Íslandi, eins og staðan er í dag.

Fjöldi sjálfstæðra aðila rekur heilbrigðisþjónustu á Íslandi í dag. Í heilsugæslunni má nefna Salastöðina, Heilsugæsluna Lágmúla, Læknavaktina og að auki eru nokkrir heimilislæknar með sjálfstæðan rekstur. Í heilsugæslunni er ekki opið fyrir nýja að koma inn í samninga líkt og í öðrum sérgreinum.

**Góður árangur**

Sé litið til Norðurlandanna hafa Danir haft heimilislækna á sjálfstæðum samningum í fleiri áratugi. Norðmenn gerðu kerfisbreytingar á heilsugæslunni fyrir um 15 árum en þá vantaði 1.000 heimilislækna í Noregi. Heimilislæknar þar fengu sjálfstæða samninga sem eru að vissu leyti líkir þeim sem aðrir sérfræðingar en heimilislæknar hafa á Íslandi. Þetta 1.000 lækna skarð hefur verið að mestu fyllt síðan. Svíþjóð rak síðan lestina, en Svíar innleiddu breytingar á heilsugæslunni á árunum 2007 til 2009 og horfðu að hluta til árangurs Norðmanna. „Vårdval“ kallast kerfið í Svíþjóð og hugmyndafræðin er að sjúklingurinn velji frjálst þjónustuaðila og að fjármagnið fylgi honum. Síðan eru leikreglurnar ólíkar eftir svæðum, en eftirlitið er strangt alls staðar. Sjálfstæðar og opinberar stöðvar sitja við sama borð og gjaldskráin er sú sama.

Árangurinn af „vårdvalinu“ í Svíþjóð hefur verið góður. Afköst hafa aukist umfram kostnað. Í Stokkhólmi jukust afköstin um 28% fyrstu tvö árin á meðan kostnaðurinn jókst um 2,8%. Gæðakannanir hafa sýnt vaxandi ánægju og aukið traust skjólstæðinga til heilsugæslunnar. Einnig bætta þjónustu og aukið aðhald í lyfjakostnaði. Minni heilsugæslur sem eru í eigu starfsmanna koma best út í könnunum. Samkeppnin hefur einnig séð til þess að margar opinberar heilsugæslur standa sig mun betur en áður. Vårdvalið er þannig að stórefla heilsugæsluna í Svíþjóð og sem dæmi hefur fjöldi námslækna í Gautaborg þrefaldast á innan við fjórum árum, úr 70 í um 200.

Íslensk heilsugæsla er verulega undirmönnuð af sérfræðingum í faginu og mikil þörf á breytingum til þess að efla hana aftur. Mikilvægt er að nota þau verkfæri sem hafa gefið góða raun á Norðurlöndunum og að umræðan byggist á staðreyndum.

Vissir þú að...
börn eiga rétt að leita sér
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

THULE SWEDEN
Burðarbogar
2 stk. 120cm langir
Vörunúmer: 761
Verð nú 6.995.-
Verð áður 8.995.-
Ath að festingar á myndinni fylgja ekki með.




Framúrskarandi fyrirtæki 2012
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/vorur/ferdavorur | stilling@stilling.is

Rýmingarsala á stórum blómapottum
30% afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI
Frá 17/7 til 20/7
það er gott verð!



Ath.
Rýmingarsalan er aðeins á STÓRUM pottum

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |
| Akureyri | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sinar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

†



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæra

**RAGNARS LÚÐVÍKS JÓNSSONAR**
**bifvélavirkja,**
**Böðvarsgötu 7,**
**Borgarnesi.**

**Anna Guðrún Georgsdóttir**
**Rúnar og Dóra Axelsdóttir**
**Steinar og Jónína Númadóttir**
**Þóra og Gísli Kristófersson**
**Jón Georg og Helga Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Ragnheiður Elín og Björn Yngvi Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**FRIÐRIK KRISTJÁNSSON**
**Byggðavegi 141, Akureyri,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri 5. júlí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. júlí kl. 13.30. Sérstakar þakkir til starfsfólks Kristnesspítala og Einihlíðar fyrir góða umönnun.

**Dýrunn Jósefsdóttir**
**Kristján Ingi Friðriksson** **Hoa Anh Nguyen Friðriksson**
**Jósef Auðunn Friðriksson** **Solveig Friðriksdóttir**
**Friðrik Tryggvi Friðriksson** **Eglé Valiukeviciute**
**Bergþór Rúnar Friðriksson** **Dóra Björk Jóhannsdóttir**
**Eiríkur Einar Eiríksson** **Hafdís Helga Halldórsdóttir**
**Ellen Þóra Hjördís Eiríksdóttir** **Hafliði Jóhann Haraldsson**
**afabörn og langafabörn.**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma, dóttir, systir og tengdamóðir,

**ELÍSABET ÓLADÓTTIR**
**Suðurgötu 13, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 6. júlí. Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði í dag, miðvikudaginn 17. júlí, kl. 13.00.

**Jónas Sigurðsson**
**Arndís Jónasdóttir** **Brynjar Þór Gestsson**
**Árný Jónasdóttir** **Jón V. Guðmundsson**
**Óli Hrafn Jónasson**
**Brynjar Jónasson**
**Andri Jónasson**
**Ingibjörg J. Gunnlaugsdóttir**
**Karl Jóhann Jónsson** **Guðbjörg K. Ingvarsdóttir**
**Guðrún Jóhannsdóttir** **Þórarinn Kristjánsson**

*Fjölbreytt úrval legsteina*
*Frí áletrun og uppsetning*

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Granítþöllin

*Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði*
*www.granithollin.is*
*Sími 555 38 88*

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

# Sameinar öll áhuga-sviðin í sama starfi

**Ástrós Elísdóttir, nýráðinn fræðslufulltrúi Borgarleikhússins, steig fyrst á svið sjö ára gömul með Rokklingunum. Eftir það átti leikhúsheimurinn huga hennar allan og þegar kom að því að velja framtíðarstarf valdi hún að sjálfsögðu leikhúsfræði.**

Hlutverk deildarinnar er að opna leikhúsið fyrir almenningi og við leggjum sérstaka áherslu á yngri áhorfendurna," segir Ástrós Elísdóttir, fræðslufulltrúi Borgarleikhússins, um tilgang nýstofnaðrar fræðsludeildar við leikhúsið. „Þetta er mikilvægt hlutverk sem leikhúsið á að gegna, að ala upp nýja áhorfendur og mennta þá í þessu listformi, leiklistinni. Borgarleikhúsið hefur alltaf sinnt því hlutverki í og með en nú ætlum við að leggja meiri áherslu á fræðslustarfið og gera það markvissara."

Ástrós er leikhúsfræðingur að mennt og hefur verið lausráðin í ýmis verkefni hjá Borgarleikhúsinu undanfarin tvö ár. En hver er bakgrunnur hennar? „Ég ólst upp í Vesturbænum og gekk þessa klassísku skólagöngu; Melaskóli, Hagaskóli, MR. Hef haft áhuga á leikhúsi alveg frá því ég man eftir mér og mamma var einmitt að rifja það upp að ég hefði séð allar barnasýningar sem boðið var upp á alveg frá tveggja ára aldri. Á unglingsárunum fór ég svo að sækja þau leiklistarnámskeið sem voru í boði, lék í Herranótt og svona."

Hvers vegna fórstu þá í leikhúsfræði en ekki leikaranám? „Sumarið eftir að ég kláraði MR var ég í leikfélaginu Þrándi, sem var lítið leikfélag stofnað af krökkum úr nokkrum menntaskólum. Þá var einmitt Magnús Geir Borgarleikhússtjóri að leikstýra okkur og við settum upp Fullkomið brúðkaup í Loftkastalanum. Þá tók ég þátt í öllu sem viðkom leiksýningu og það heillaði mig meira að vera baksviðs en á sviðinu sjálfu þannig að ég ákvað að fara í leikhúsfræði."



**FJÖLHÆF** Ástrós er ekki bara leikhúsfræðingur heldur einnig leiðsögumaður og ritlistarnemi. Hún segir starf fræðslufulltrúans sameina öll þessi áhugasvið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ástrós valdi Háskólann í Bologna til námsins, hvað kom til að Ítalía varð fyrir valinu? „Ég útskrifaðist af nýmálabraut í MR og hef mikinn áhuga á tungumálum. Finnst ítalskan svo fallegt tungumál og langaði til að læra hana betur, auk þess sem ég er sóldýrkandi og mikil matkona, þannig að Ítalía var augljóst val."

Ástrós komst snemma í sviðsljósið því sjö ára gömul var hún farin að syngja með Rokklingunum, sem nutu fádæma vinsælda á þeim tíma. Hún hefur heldur ekki látið leikhúsið nægja sem starfsvettvang, er útskrifaður leiðsögumaður og hefur leitt ítalska túrista vítt og breitt um landið, auk þess sem hún er hálfnuð með meistaranám í ritlist við Háskóla Íslands. Eigum við von á leikverki frá henni á næstunni? „Í starfi mínu sem fræðslufulltrúi get ég sameinað öll þessi áhugasvið og já, ég hef gert svolítið af því að skrifa leikrit, en ekkert þeirra hefur ratað á svið enn þá, það kemur vonandi bara seinna."

fridrikab@frettabladid.is

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HÁKON ÖRN HALLDÓRSSON**
**vélfræðingur,**
**Heiðarhjalla 35, Kópavogi,**

lést að morgni 11. júlí. Jarðsett verður frá Digraneskirkju fimmtudaginn 18. júlí kl. 13.00.

**Pálfríður Benjamínsdóttir**
**Hákon Örn Hákonarson** **Sibylle von Löwis**
**Gróa Halla Hákonardóttir** **Guðni Kr. Guðmundsson**
**Gunnar Örn, Henrik, Þrúður Sóley og Þórdís Páley**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURVEIG JÓHANNSDÓTTIR**
**Hrafnistu, Hafnarfirði,**
**áður Miðvangi 41,**

lést laugardaginn 6. júlí. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 18. júlí klukkan 13.00.

**Þuríður Guðmundsdóttir** **Kristján B. Kristjánsson**
**Guðríður Guðmundsdóttir** **Alf H. Pedersen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Yndislega, ljúfa móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRA FILIPPÍA ÁRNADÓTTIR**
**Vallengi 4, Reykjavík,**

lést á heimili sínu fimmtudaginn 11. júlí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 23. júlí kl. 13.00.

**Magnús Albertsson** **Guðný Guðmundsdóttir**
**Kristín Albertsdóttir**
**Sigríður Albertsdóttir**
**Jörgen Árni Albertsson** **Karen Theodórsdóttir**
**Ögmundur Guðjón Albertsson** **Lilja Rós Agnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÁRNASON**
**Hraunbæ 103, Reykjavík,**

lést föstudaginn 5. júlí á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju 18. júlí klukkan 13.00.

**Elísabet Jónsdóttir**
**Grétar Guðmundsson** **Herdís Rut Hallgrímsdóttir**
**Árni Þór Guðmundsson** **Bára Jónsdóttir**
**Jón Helgi Guðmundsson** **Guðrún Ásbjörnsdóttir**
**Guðbjörg Guðmundsdóttir** **Þórarinn V. Sólmundarson**
**Stefán Guðmundsson** **Þórunn Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BORGÞÓR ÞÓRHALLSSON**
**fyrrverandi lögreglumaður,**
**Miklubraut, Reykjavík,**

lést föstudaginn 12. júlí á Landspítala í Fossvogi. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 18. júlí kl. 13.00.

**Sveinbjörg Eyþórsdóttir**
**Þórhallur Borgþórsson** **Gróa Reykdal Bjarnadóttir**
**Eyþór Borgþórsson** **Bára Emilsdóttir**
**Sigurborg Borgþórsdóttir** **Jón Svanþórsson**
**Halldór Borgþórsson** **Aðalheiður Alfreðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Maðurinn minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**KRISTÓFER GUÐMUNDSSON**
**húsgagna- og húsasmiður,**
**frá Stóru Drageyri, Skorradal,**
**Ranavaði 5, Egilsstöðum,**

lést á gjörgæsludeild Sjúkrahúss Akureyrar þann 10. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þann 18. júlí klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ágústína Hlíf Traustadóttir**
**Ester K. Virgil** **Eric Virgil**
**og barnabörn.**




## ÓDÝRARI HÓTEL

**Hótelverð hefur lækkað frá júní til júlí, að því er kemur fram á vef Trivago.dk. Mesta lækkunin er í Finnlandi af Norðurlöndum en þar er verðið 17% lægra en í júní. Næst eru það Noregur, Svíþjóð og Danmörk. Lækkun hefur einnig orðið í Lissabon, Madríd og Istanbúl.**





Opnunartími: mánud-miðvikudag 11.00-18.00
lokað á fimmtudag og föstudag vegna sumarleyfa
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is




# HÚNAVAKA TÍU ÁRA

**MIKIL HÁTÍÐ** *Húnavaka á Blönduósi verður haldin hátíðleg um helgina. Systkinin Kristín og Eysteinn eru umsjónarmenn hátíðarinnar.*

Húnavaka á Blönduósi verður haldin hátíðleg næstu helgi. Hátíðin hefst á morgun og stendur yfir til sunnudags og nóg verður um að vera. Umsjónarmenn hátíðarinnar eru systkinin Kristín Ingibjörg Lárusdóttir og Eysteinn Lárusson. „Hátíðin hefur verið haldin með þessum hætti í tíu ár sem bæjar- og mannlífshátíð. Hugmyndin kom eftir mikla hvatningu frá íbúum bæjarins og fyrirtækjum,“ segir Kristín. Fjöldi fólks mætir á hátíðina á hverju ári frá öllum landshornum. „Þetta er mikið af burtfluttu fólki, ættingjum og vinum, einnig er þó nokkuð um gesti sem eiga leið fram hjá. Í tengslum við hátíðina eru fjölmörg bekkjarmót haldin ásamt ættarmótum og það er óhætt að segja að íbúafjöldinn hér margfaldast þessa helgi,“ segir Eysteinn.

Sveitarfélagið ræður til sín verktaka til að sjá um framkvæmdina á hátíðinni ár hvert en Blönduós og þjónustufyrirtækin á staðnum eru lykillinn að því að þessi hátíð er haldin á ári hverju.

Dagskráin fyrir helgina er þétt og ætti enginn að láta sér leiðast. Bæjarbúar taka forskot á sæluna í dag og skreyta hús sín og götur. Síðar verður valin best skreytta gatan og húsið. Hátíðin verður formlega sett á morgun, fimmtudag. Strax í kjölfarið er blásið til bæjargrills í gamla bænum.

Á föstudeginum ber hæst stóra fyrirtækjadaginn. Þá munu valin fyrirtæki bjóða gestum og gangandi í heimsókn frá hádegi. Um kvöldið verður nóg um að vera, sundlaugarpartí fyrir unglinga og 80's ball. Á laugardeginum verður golfmót, söngvakeppnin Míkróhúnninn, markaðir, tívolí, litbolti, hoppukastalar og margt fleira. Um kvöldið verður kvöldvaka í Fagrahvammi þar sem Ari Eldjárn kemur fram, fjöldasöngur og kassagítarleikur. Kvöldinu lýkur með stórdansleik í félagsheimilinu með Hvannadalsbræðrum.

Á lokadegi hátíðarinnar verður margt um að vera á söfnum og setrum bæjarins. Það verður opið hús í heilbrigðisstofnuninni, söguganga um gamla bæinn og söfn bæjarins með hina ýmsu viðburði. „Það ættu allir að finna sér eitthvað við sitt hæfi og eru allir velkomnir,“ segja systkinin sem eru afar spennt fyrir helginni. Nánari upplýsingar um hátíðina er að finna á www.huni.is.

■ gunnhildur@365.is

**BREKKUSÖNGUR**
Á laugardagskvöldið verður hópsöngur og gítarleikur fyrir gesti.



**EYSTEINN LÁRUSSON**
Einn af umsjónarmönnum hátíðarinnar.



**KRISTÍN INGIBJÖRG**
Einn af umsjónarmönnum hátíðarinnar.












**FRÁBÆRT VERÐ** Lambaborgari bernaise með laukhringjum og frönskum kostar aðeins 1.390 kr. MYND/GVA

*Texasborgarar kynna*

# LAMBABORGARI MEÐ BERNAISE-SÓSU

Íslenskt lambakjöt hefur fengið heiðurssess á Texasborgurum við Grandagarð. „Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Við úrbeinum og hökkum lambalæri og búum til hamborgara úr því án nokkurra aukaefna. Þetta er því eins hreint og heilnæmt gæðahráefni og hægt er að hugsa sér.“ Lambaborgararnir ásamt meðlæti kosta aðeins 1.390 kr. Þeir eru 140 grömm, bornir fram með djúpsteiktum laukhringjum, grænmeti og hamborgara- og kryddsósu. Meðlætið er franskar og ekta heimalöguð bernaisesósa. Nánar á **texasborgarar.is** og á Facebook.


40% afsláttur
af öllum fatnaði og skóm!



Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is



Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bíta?




Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hjá N1
www.gengurvel.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd og umönnun


# Á RÚNTINUM

**LJÓSMYNDIR** *Krúser-klúbburinn stendur fyrir ljósmyndasýningu í húsakynnum sínum á hverju fimmtudagskvöldi. Í júlímánuði sýnir Elva Hrönn Guðbjartsdóttir myndir sínar af eðalvögnum og töffaralegum köggum.*

Ég hef alltaf haft áhuga á ljósmyndun og hef verið með bíladellu lengi. Fyrir nokkrum árum komst ég upp á lagið með að sameina þessi áhugamál,“ segir Elva Hrönn Guðbjartsdóttir, sem er sú þriðja í röðinni sem heldur sýningu á bílamyndum í húsakynnum Krúser að Höfðabakka 9. „Sýningarnar hófust í maí á því að Guðfinnur Eiríksson sýndi sínar myndir og í júní voru það tvíburar sem kalla sig B&B Kristinssyni sem áttu sviðið. Einar Kárason, ritari hjá Krúser, manaði mig síðan til að taka að mér júlímánuð,“ segir Elva Hrönn og bætir við að hún hafi þurft að stíga nokkuð út fyrir þægindarammann til að halda þessa fyrstu ljósmyndasýningu sína.

En hvað er það við bíla sem gerir þá að skemmtilegu myndefni? „Fornbílar eru svo skemmtilega hannaðir og mér finnst mikil rómantík yfir þeim,“ svarar Elva Hrönn sem reynir að leika sér dálítið með myndefnið. „Svo reyni ég stundum að nota þriðja augað til að fá nýtt sjónarhorn,“ segir hún glettin.

Á sýningunni eru nokkrar myndir sem Elva Hrönn hefur tekið í gegnum tíðina en flestar hefur hún tekið frá því í vor. „Ég hef þurft að skipta reglulega um myndir því karlarnir hafa verið duglegir að kaupa myndir af bílunum sínum,“ segir hún glaðlega.

Stefnt er að því að ljósmyndasýningar verði áfram næstu mánuði en sýningin er aðeins opin á fimmtudagskvöldum klukkan 20 þegar Krúser heldur sitt vikulega opna hús. Allir eru velkomnir.

**Nánari upplýsingar má finna á www.kruser.is**



**ÁHUGALJÓSMYNDARI** Elva Hrönn sameinaði áhugamálin sín tvö, ljósmyndun og bíladellu. Afraksturinn sýnir hún í húsakynnum Krúser-klúbbsins.



**Á RÚNTINUM Í BÆNUM** Það er ekki amalegt að geta dregið fram þessa drossíu á góðviðrisdegi.




**DYTTAÐ OG DÚLLAÐ** Eigendur fornbílanna verja ógnartíma í að snurfusa bíla sína og gera þá skínandi fína.



**ANNAÐ SJÓNARHORN** Elva Hrönn reynir að taka myndir af bílunum frá ýmsum sjónarhornum. MYNDIR/ELVA HRÖNN

# HEIMA HJÁ EINARI ÁSKELI

Einars Áskelssafnið í Gautaborg er vinsælt hjá ferðamönnum, enda á sögupersónan sér aðdáendur um allan heim. Safnið er stutt frá aðallestarstöðinni og ætti ekki að vera erfitt að finna það. Það er aðallega sett upp fyrir börn en fullorðnir sem þekkja Einar Áskel hafa ekki síður gaman af að koma þar. Í safninu birtist heimili Einars Áskels ljóslifandi fyrir börnunum. Þar má sjá þyrluna, skrímslin og vinina Millu, Viktor og Manga. Pabbi og amma eru heldur ekki langt undan.

Einars Áskelssafnið er skapandi staður, þar sem alltaf er eitthvað um að vera, leikhús, tónleikar, dans, leikir og fleira. Einhver skemmtileg uppákoma er á hverjum degi fyrir börnin. Safnið er opið alla daga frá kl. 10-16.



**EINAR ÁSKELL** Aðdáendur hans eru á öllum aldri um allan heim.

Í safninu er kaffistofa þar sem hægt er að fá sér í svanginn og þar er einnig verslun með margs konar varningi sem tengist bókunum um Einar Áskel.

Gunilla Bergström er höfundur bókanna um Einar Áskel. Hún er fædd og uppalin í Gautaborg í Svíþjóð. Bækur hennar hafa verið þýddar á 30 tungumál. Fyrsta bókin um Einar Áskel kom út árið 1972.

Á hverju ári er meira en ein milljón bóka hennar fengin að láni á bókasöfnum í Svíþjóð.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

**ÞÚSUNDIR ÍSLENDINGA HAFA NÁÐ SÉR Í OZ-APPIÐ**

MIÐVIKUDAGUR 17. JÚLÍ 2013
9. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



**VEISTU HVER ÉG VAR?**
Siggi Hlö verður með laugardagsþátt á Stöð 2 í vetur.




**VEEP**
Eileen úr Seinfeld verður varaforseti Bandaríkjanna



**HEIMSÓKN**
Sindri Sindrason fór í 40 heimsóknir síðastliðinn vetur. Hann heldur uppteknum hætti í haust.



# ORANGE IS THE NEW BLACK

**SANNSÖGULEGIR ÞÆTTIR UM LÍFIÐ Í BANDARÍSKU KVENNAFANGELSI SEM SLEGIÐ HAFA Í GEGN**

krakkar GULL BÍÓ POPP TÍVÍ SPORT SPORT 2

FRÁBÆR TILBOÐ Í STÖÐ 2 VILD

## 2 ÓMISSANDI Í VIKUNNI

**LÆRKEVEJ**
**Miðvikudag**
**Kl. 21.30**



**MASTERCHEF USA**
**Fimmtudag**
**Kl. 20.00**




**ARRESTED DEVELOPMENT**
**Föstudag**
**Kl. 19.35**



**LATIBÆR**
**Laugardag**
**Kl. 17.55**



**THE KILLING**
**Sunnudag**
**Kl. 20.55**



**THE NEWSROOM**
**Mánudag**
**Kl. 21.30**



**HOW I MET YOUR MOTHER**
**Þriðjudag**
**Kl. 20.45**



# ÞÚSUNDIR ERU AÐ NOTA OZ

### Vinsældir OZ-appsins hafa aukist dag frá degi. Nú þegar hafa þúsundir náð sér í appið.

OZ-appið hefur fengið frábærar viðtökur frá því að það var sett á laggirnar í byrjun júní þessa árs. Þúsundir hafa skráð sig og samkvæmt þjónustukönnunum eru notendur afar ánægðir enda er appið auðvelt í notkun.

„Gríðarlegt álag hefur myndast á netkerfum fjarskiptafélaganna með tilkomu OZ-appsins en við erum í góðu samstarfi við fjarskiptafélögin um að takast á við það,“ segir Steingrímur Árnason hjá OZ.

Eftir að OZ-appið fór í opinbera dreifingu tók það appið aðeins tvær vikur að verða stærsta netský landsins og það fer stækkandi með hverjum degi. „Þessi mikla ásókn er sterkur vitnisburður þess að þörf er fyrir svona sjónvarpsþjónustu. Áhorfendur vilja horfa hvenær sem hentar, hvar sem er,“ segir Steingrímur. Mestu álagstímarnir eru þegar það eru stórir viðburðir í gangi. Þá horfa margir á sama efnið á sama tíma eins og þegar nýr þáttur af Game of Thrones er sýndur eða úrslitaleikur meistaradeildarinnar. Venjulega er álagið þó frekar dreift, enda flestir sem safna þáttum og horfa á þá þegar þeim hentar. Engin takmörk eru fyrir því hversu miklu má safna með appinu.

Hægt er að nota OZ-appið í gegnum farnet (3g/4G) en það hefur verið gríðarlega vinsælt. „Fólk er að nota þetta mikið í sumarbústöðum og útilegum. Ætli veðrið eigi ekki einhvern smá þátt í því,“ segir Steingrímur.

Aukin notkun á farnetinu hefur skilað sér í auknum gagnamagnskostnaði fyrir viðskiptavinina en mælt er með því að skoða vel gagnamagnspakka sem fjölskyldan hefur. Þessa dagana vinnur OZ að því að bæta stöðu neytenda hvað sjónvarp yfir farnet varðar og er jákvæðra frétta að vænta af þeim vettvangi.

Vinsælt er að safna þáttum úr dagskrá Stöðvar 2 og fréttum. Barnaefni á Stöð 2 sem og barnaefni af Stöð 2 Krakkar er afar mikið notað. Notendur safna einnig mjög miklu af bíómyndum af Stöð 2 Bíó og íþróttaefnið hefur komið gríðarlega sterkt inn. „Fjölskyldunotkun er mjög mikil. Ef fólk er með áskrift þá er það með aðgang að fimm stöðvum ásamt RÚV. Þeir sem eru með Stöð 2 Sport og Sport 2 og enska boltann eru með aðgengi að þeim stöðvum í OZ. Enski boltinn byrjar núna í ágúst og við gerum ráð fyrir mikilli aukningu þegar hann byrjar,“ útskýrir Steingrímur.

OZ-appið er fyrir öll iOS-kerfi. Í haust verður það fáanlegt fyrir Android-kerfi. Hægt er að nálgast appið á OZ.com og stod2.is og prófa.



„Þessi mikla ásókn er sterkur vitnisburður þess að þörf er fyrir svona sjónvarpsþjónustu,“ segir Steingrímur Árnason.

# FER Í FLEIRI HEIMSÓKNIR

Þættirnir Heimsókn í umsjón hins geðþekka Sindra Sindrasonar hafa notið mikilla vinsælda í vetur. Í þáttunum heimsótti Sindri bæði þekkta og óþekkta Íslendinga, fékk að skoða heimili þeirra og fræðast um líf þeirra og tilveru. Því ættu margir að gleðjast yfir þeim fréttum að þátturinn heldur áfram á Stöð tvö í haust. „Það hefur verið ótrúlega skemmtileg upplifun að fá að heimsækja allt þetta fólk,“ segir Sindri, sem fór í fjörutíu heimsóknir síðastliðinn vetur og var alltaf vel tekið. „Þátturinn snýst ekki um að heimsækja heimili sem eru að mínum eigin smekk heldur reyni ég að heimsækja fólk sem hefur mismunandi bakgrunn, smekk og áherslur á sínu heimili,“ segir Sindri og bætir við að heimilið geti sagt ansi margt um manneskjuna sjálfa. En hvernig gengur að fá fólk til að bjóða landanum inn á gafl? „Það gengur alltaf betur og betur að fá fólk til að taka þátt. Vissulega eru sumir feimnir en fólk er æ oftar tilbúið til að láta slag standa, sérstaklega þegar það hefur séð hvernig til hefur tekist í vetur,“ segir Sindri og telur Heimsókn skemmtilega blöndu af Innliti/útliti og Sjálfstæðu fólki. „Við ræðum við fólkið bæði um hönnun og hugmyndir á heimilinu en ekki síður um líf þess og hvað það stendur fyrir.“ Þættirnir hefjast að nýju í september og tökur eru þegar hafnar. „Í fyrsta þætti haustsins förum við í heimsókn til Agnesar M. Sigurðardóttur, biskups Íslands,“ segir Sindri en meðal gestgjafa hans í vetur verður allt frá listamönnum og fólki í viðskiptalífinu upp í pólitíkusa og allt þar á milli. Sindri segist mjög þakklátur þeim sem veita honum ábendingar um skemmtileg heimili. Þeir sem vita af slíkum mega hafa samband við hann á sindri@stod2.is.



Sindri heimsækir Agnesi M. Sigurðardóttur biskup í fyrsta þætti haustsins.

# SIGGI HLÖ HLÆR AÐ FORTÍÐINNI

Aðdáendur útvarpsþáttarins Veistu hver ég var? með Sigga Hlö geta látið sig hlakka til sumarloka því þá fer í loftið á Stöð 2 samnefndur sjónvarpsþáttur. Þættir með sögum frá diskóárunum og Hallærisplaninu.

Siggi var í sólinni á Spáni þegar blaðamaður sló á þráðinn og spurðist fyrir um nýja þáttinn. „Já, nú er komið að því að þátturinn fari á skjáinn,“ sagði kappinn en hann er ekki alveg óvanur því að vera í sjónvarpi. Siggi sá um þáttinn Popp og kók árið 1989 til 1991 og Með haustverk um helgar árin 1999-2001.

„Þessi nýi þáttur verður byggður á sömu hugmynd og útvarpsþátturinn Veistu hver ég var?. Þetta verður skemmtiþáttur með spurningaívafi. Það verða tvö lið sem keppa en spurningar tengjast árunum 1975-1990. Spurt verður meðal annars um tónlist, tíðaranda, kvikmyndir, fréttir og myndbönd. Við munum skemmta okkur og hlæja að fortíðinni,“ segir Siggi. „Keppendur verða ekki eingöngu þekktir einstaklingar, eins og oft er í slíkum þáttum, heldur verður einn þekktur sem tekur með sér tvo vini sína. Ég stefni á að fá fólk sem var ungt að skemmta sér á þeim tíma sem fjallað verður um. Það er fólk 40 ára og eldri,“ segir Siggi en þátturinn verður á laugardagskvöldum.

„Það verða margar skemmtilegar minningar rifjaðar upp í þáttunum en þær geta síðan orðið kveikjan að slíkum sögum heima hjá áhorfendum. Þetta eru sögur sem ungt fólk í dag hefur aldrei heyrt um en þeir eldri eiga eftir að brosa út í annað.“

Plötusnúðurinn DJ Fox verður í diskóbúri í salnum og leikur viðeigandi tónlist. „Hann verður skellihlæjandi á kantinum og á eftir að slá í gegn. Við sem stöndum að undirbúningi þáttarins höfum skemmt okkur konunglega og ég veit að það á eftir að skila sér til áhorfenda. Leikmyndin verður líka rosalega flott.“

Þótt Siggi Hlö verði með nýjan þátt á Stöð 2 halda útvarpsþættirnir áfram á laugardögum, enda þeir allra vinsælustu. Siggi Hlö verður því tvöfaldur á laugardögum en það er heldur ekki hægt að fá nóg af honum.



Siggi Hlö verður í miklu stuði og rifjar upp árin 1975-1990 á Stöð 2 í sumarlok þegar skemmti- og spurningaþátturinn Veistu hver ég var? verður sýndur. MYND/PJETUR



# Seinfeld-bölvunin

**Hún heitir ekki Eileen úr Seinfeld, þótt flestir þekki hana undir því nafni. Hún heitir Julia Louis-Dreyfus og leikur nú aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttaröðinni Veep.**

**VEEP**
**Kl. 21.55 þriðjudagar**

Julia Louis-Dreyfus er 52 ára gömul, faðir hennar er hálffranskur milljarðamæringur, formaður Louis-Dreyfus-orkuþjónustunnar, en móðir hennar er bandarískur rithöfundur og sérkennari. Þau skildu raunar þegar Julia var ársgömul en hún á í góðu sambandi við báða stjúpforeldra sína.

Starf stjúpföður hennar krafðist þess að fjölskyldan væri á faraldsfæti og Julia ólst því upp víðs vegar um Bandaríkin og í fleiri löndum, meðal annars Srí Lanka, Kólumbíu og Túnis.

Hún kom fram með einum frægasta spunahóp Chicago, The Second City, sem einnig hefur skartað leikurunum Amy Poehler, Tinu Fey og Steve Carell, svo einhverjir séu nefndir. Í kjölfarið var henni boðið að ganga til liðs við leikarahóp Saturday Night Live, aðeins 21 árs gamalli.

Þar lék hún í þrjú ár og var á þeim tíma yngsta leikkonan sem hafði verið ráðin til liðs við leikarahóp þáttanna. Þar kynntist hún Larry David, meðhöfundi Seinfeld-þáttanna. Eftir að hún hætti í Saturday Night Live lék hún í fáeinum bíómyndum áður en stóra tækifærið varð á vegi hennar.

Hún var 28 ára gömul þegar hún skaust upp á stjörnuhimininn, sem Eileen Benes í sjónvarpsþáttunum um Seinfeld. Upphaflega átti persóna hennar ekki að vera hluti af þáttaröðinni og kemur því ekki fram í fyrsta þættinum. Sjálf hefur Julia reyndar aldrei séð þann þátt, sökum hjátrúar. Úr varð að hún var ein af aðalpersónum þáttanna og eftirlæti margra. Hún lék í öllum níu þáttaröðunum og kom fram í öllum þáttum nema þremur.




Selina Meyer er þingmaður sem rataði í starf varaforseta Bandaríkjanna. Starfið er ekkert eins og hún hafði búist við. Julia Louis-Dreyfus fer með hlutverk Selinu.

Julia sló rækilega í gegn í þáttunum og hlaut reglulega tilnefningar og verðlaun fyrir frammistöðu sína, meðal annars Golden Globe-verðlaunin, fimm Screen Actors Guild-verðlaun og fimm American Comedy-verðlaun. Sjö sinnum var hún tilnefnd til Primetime Emmy-verðlaunanna og hlaut þau að endingu árið 1996. Hún sagði þá að sigurinn hefði verið „algjört sjokk“, en eftir að hafa prófað bæði væri vissulega „betra að vinna en að tapa“.

Gjarnan hefur verið talað um „Seinfeld-bölvunina“ því enginn af fjórum aðalleikurum þáttanna hefur náð sér almennilega á strik eftir að þáttunum lauk, hvað bransann varðar. Julia lék að vísu í nokkrum bíómyndum á meðan á Seinfeld-tímabilinu stóð og á árunum 2005-2010 lék hún í gamanþáttaröðinni The New Adventures of Old Christine. Nú leikur hún varaforseta Bandaríkjanna í kolsvörtu kómedíunni Veep, sem sýnd er á Stöð 2, en fyrirmynd persónu hennar er hin margumdeilda Sarah Palin.

Julia hefur verið gift handritshöfundinum Brad Hall í 26 ár og saman eiga þau tvö börn.



# BESTU LIÐIN MÆTAST

**GÓÐGERÐARLEIKUR** BAYERN MÜNCHEN OG BARCELONA.
**Stöð 2 Sport miðvikudaginn 24. júlí kl. 18.25**

Hvernig geturðu gert betur en að vinna allt sem í boði var á síðustu leiktíð? Þetta er spurningin sem Pep Guardiola þarf að svara sem nýr þjálfari FC Bayern. Undir stjórn Jupps Heynckes unnu Bæjarar meistaradeildina, þýsku deildina og bikarinn. Þeir gerðu það líka með glæsibrag, sérstaklega í Bundesligunni þar sem þeir settu stigamet og alls kyns önnur met.

Guardiola þekkir velgengni betur en flestir. Á fjórum árum hjá Barcelona bjó hann til eitt besta lið allra tíma. Barcelona vann fjórtán stóra titla hjá Katalóníurisanum, þar af meistaradeildina tvisvar og spænsku deildina þrisvar. Ekkert bendir þó til annars en að FC Bayern haldi áfram sinni velgengni og að ný gullöld hjá félaginu sé hafin. Liðið keypti Mario Götze frá Borussia Dortmund og bætti við á dögunum Thiago Alcantara, fyrrverandi lærisveini Guardiola frá Barcelona. Barcelona klófesti eina skærustu stjörnu Brasilíumanna, Neymar, og ásamt Messi gæti það orðið eitruð blanda. Hins vegar hefur það sýnt sig að Messi þarf litla hjálp. Argentínumaðurinn sýndi merki þreytu á síðustu leiktíð ásamt meiðslum, þá glitti í það að hann er jú mannlegur.

Það má búast við flugeldasýningu þegar FC Bayern og Barcelona mætast í München miðvikudaginn 24. júlí og áhorfendur ættu svo sannarlega ekki að vera sviknir af taumlausri skemmtun tveggja bestu liða heims.

# BRAGI VALDIMAR VELUR BESTA SVARIÐ

**BESTA SVARIÐ**
**Kl. 20.05 föstudaga**

Baggalúturinn Bragi Valdimar Skúlason mætir til leiks með vini sína í næsta þætti af Besta svarinu. Þeir sem keppast um að velja fyrir hann bestu svörin eru þeir Guðmundur Pálsson, Karl Sigurðsson og Guðmundur Kristinn Jónsson.
Meðal þess sem áhorfendur fá að vita um Braga Valdimar er hvaða íslenski dægurlagatexti honum þykir verstur, hvaða frægu konu hann myndi helst vilja eiga sem systur og hvaða orð Braga finnst ljótast.
Spyrill verður sem fyrr hinn eldhressi Sveppi.





# ÁRIÐ MITT Í KVENNAFA

Orange Is the New Black eru glænýir drama
Stöð 2 þriðjudaginn 23. júlí. Þátturinn fjallar
veruleika fangelsislífsins þegar hún er dæm
Þættirnir byggja á sönnum atburðum.

**ORANGE IS THE NEW BLACK**
**Hefst 23. júlí**

Þættirnir eru byggðir á sjálfsævisögu Piper Kerman, Orange Is the New Black: My Year In a Women's Prison, sem kom út árið 2010.

Þættirnir, sem eru blanda af drama og gamni, byggja á lífsreynslu Piper Kerman, sem heitir í þáttunum Piper Chapman. Þegar þættirnir gerast eru tíu ár síðan Piper lét þáverandi ástkonu sína, Alex (leikin af Lauru Prepon úr That 70's Show) plata sig til að smygla dóppeningum í ferðatösku. Ekki kemst upp um athæfið fyrr en mörgum árum síðar þegar Alex þessi gerir samning við lögregluna um sakaruppgjöf í stað þess að nefna nafn Piper. Fyrir vikið er Piper dæmd í 15 mánaða fangelsi, sem er mikið áfall fyrir hana en

ekki síður unnust
úr American Pie)
fortíð unnustunna

Piper þarf nú a
leika innan fange
sitt.

Þættirnir hafa
undurinn og fram
þekktur er fyrir þ
taumana og tekst
raunverulegur sta
legar persónur m
Líkt og í Weeds fj
um hvíta konu úr
atvinnuglæpamen



Nafn sýningarinnar, Messiah Complex, er dregið af samnefndum geðsjúkdómi, en þeir sem þjást af honum telja sig vera frelsara mannkyns eða ætlað slíkt hlutverk. Í sýningunni fjallar Brand meðal annars um trúarbrögð og menn á borð við Che Guevara, Gandhi, Malcolm X og Jesú Krist. „Það sem vekur áhuga minn er að þessir menn voru ekki gallalausir, nema þá kannski Jesú. Þeir gerðu allir mistök og mér finnst mikill húmor leynast í þessu mennska og ófullkomna,“ útskýrir Brand og bætir við: „Ég held að við búum í dag við einhvers konar menningarlega messíasarduld.“

Umfjöllunarefni sýningarinnar kann að vera grafalvarlegt en Brand fullvissar blaðamann um að hún sé bráðfyndin þrátt fyrir það. „Þetta er fyndin og kjánaleg sýning þótt hún taki á mikilvægum málefnum. Mér þætti sýningin innantóm ef ég ætlaði aðeins að tala um sjálfan mig, þó svo að ég tali MJÖG mikið um mig sjálfan líka.“

Aðspurður segir Brand það breytast með tíð og tíma hvaða efni uppistandarar mega fjalla um og segir að hver og einn grínisti setji sér sín persónulegu mörk. „Hlutverk húmors er að linna ótta fólks. Það efni sem ekki má gera grín að er yfirleitt það sem fólk óttast hvað mest og þyrfti hvað helst að geta grínast með.“

### Uppistand í stöðugri þróun

Grínistinn leggst í mikla rannsóknarvinnu á umfjöllunarefni sínu áður en hann hefst handa við að semja sýningar sínar. Hann segir ferlið langt og að sýning sem þessi sé í raun aldrei fullmótuð heldur í stöðugri þróun.

„Ég byrja á mikilli rannsóknarvinnu og prófa svo efnið á smærri sýningum. Þannig þróa ég hugmyndirnar allt þar til ég verð öruggur með það. Uppistand er þannig að hægt er að aðlaga sýninguna eftir áhorfendum, þetta snýst að miklu leyti um samspil á milli mín og áhorfenda og þess vegna geta engar tvær sýningar orðið nákvæmlega eins.“

### Spenntur fyrir jólasveinunum

Brand kveðst spenntur fyrir Íslandsheimsókn sinni en viðurkennir að hann viti ekki mikið um land og þjóð. „Ég veit að Björk er íslensk, þar má sjá norðurljós, bjórinn kostar handlegg og fótlegg og mér skilst að þið séuð nokkuð róttæk þjóð í anda. Og jólasveinninn býr á Íslandi, er það ekki?“ Blaðamaður útskýrir fyrir Brand að í stað hins góðlátlega jólasveins sem Bretar þekkja búa hér þrettán hrekkjalómar sem séu að auki afkvæmi trölla. Grínistinn heimtar að fá að vita hvers konar hrekkjum bræðurnir taki upp á og verður ákaflega hrifinn.

„Þetta hljómar alveg magnað og mun betur en jólasveinninn okkar, andi hrekkjalómsins svífur yfir jólahátíð ykkar. Ég get ekki beðið eftir því að heimsækja þetta brjálaða land!“

### Þáttastjórnendur vanmátu margt

Brand var gestur í spjallþættinum Morning Joe á sjónvarpsstöðinni MSNBC í lok júní og var þangað kominn til að kynna Messiah Complex fyrir Bandaríkjamönnum. Viðtalið fór ekki sem skyldi og í lok þess tók Brand málin í eigin hendur. Myndbrot úr þættinum fór í kjölfarið sem eldur um netheima og aflaði grínistanum mikilla vinsælda.

Á fólk það til að vanmeta þig vegna fyrri starfa og útlits líkt og þáttastjórnendur Morning Joe gerðu?

„Ég veit það ekki, ég hef ekki hugmynd um hvað fólki finnst um mig. En ég held að þetta tiltekna fólk hafi mögulega vanmetið mig, starf sitt eða, í þessu tilfelli, bandarísku þjóðina. Ég held bara að almennt hafi mikið vanmat átt sér stað þennan umrædda dag,“ segir hann og skellir upp úr.

Miða má kaupa á midi.is.

sara@frettabladid.is

## Skrautlegur aðgerðasinni

Russell Edward Brand er fæddur þann 4. júní 1975 í Essex í Englandi.

Hann varð þekktur í heimalandi sínu fyrir þáttinn Big Brother‘s Big Mouth árið 2004. Hann sló í gegn í Bandaríkjunum fjórum árum síðar fyrir leik sinn í kvikmyndinni Forgetting Sarah Marshall.

Brand hefur átt skrautlegt ástarlíf. Slúðurritið The Sun veitti Brand hinn vafasama titil Shagger of the Year þrjú ár í röð. Hann kvæntist söngkonunni Katy Perry á Indlandi árið 2010. Þau skildu tveimur árum síðar.

Brand gerðist grænmetisæta er hann var 14 ára gamall og vegan árið 2011.

Grínistinn er aðgerðasinni og styður íbúa Gasa og Tíbet í mannréttindabaráttu sinni. Hann hefur einnig sýnt Bradley Manning stuðning.

POTTURINN STEFNIR Í

900 MILLJÓNIR

100.000.000
+800.000.000

SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 800 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is




FÍTON / SÍA

## Miðjumannahallæri hjá landsliðinu

**FÓTBOLTI** Það er mikil óvissa í kringum miðjumenn Íslands fyrir leikinn á móti Hollandi í kvöld. Guðný Björk Óðinsdóttir meiddist á æfingu á mánudag og er fjórði miðjumaður íslenska liðsins sem dettur út á síðustu dögum. Katrín Ómarsdóttir (aftan í læri), Dagný Brynjarsdóttir (rist) og Sara Björk Gunnarsdóttir (magakrampi) þurftu allar að fara út af á móti Þýskalandi.

„Við erum búin að missa út fjóra miðjumenn á tveimur dögum og það er rosalega mikið fyrir hópinn okkar. Þetta eru okkar fjórir bestu miðjumenn og ég hef áhyggjur af þeim öllum,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari.

„Það er óvenju erfitt að missa svona marga leikmenn út úr sömu stöðu. Það hefur auðvitað einhver áhrif á okkur en þessi leikmannahópur hefur verið þannig að stelpurnar hafa bara leyst það þó að þær hafi þurft að spila aðra stöðu en þær eru vanar. Við finnum einhverjar lausnir,“ sagði Sigurður Ragnar.

Dóra María Lárusdóttir gæti farið inn á miðjuna. „Ég horfi kannski til þess að fara framar á völlinn en ég held að Sara og Dagný verði báðar klárar,“ sagði Dóra María. **- óój**



**TÆP** Dagný Brynjarsdóttir í leiknum gegn Þýskalandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fimm stjörnu landslið

Harpa Þorsteinsdóttir fagnar því hversu margir liðsfélagar hennar úr Garðabæ eru á EM í Svíþjóð. Ísland mætir Hollandi í afar mikilvægum leik í kvöld.

**EM KVENNA 2013**



Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is
Skrifar frá Svíþjóð

**FÓTBOLTI** Kvennalið Stjörnunnar á flesta leikmenn í íslenska landsliðshópnum á EM í Svíþjóð. Harpa Þorsteinsdóttir hefur oft verið eini fulltrúi Garðabæjarliðsins í hópnum en það er allt breytt í dag. Glódís Perla Viggósdóttir er búin að fá að spila mikið á mótinu í Svíþjóð og þá eru þær Sandra Sigurðardóttir, Anna Björk Kristjánsdóttir og Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir tilbúnar á bekknum.

Harpa var við það að komast í EM-hópinn fyrir fjórum árum en varð þá fyrir því óláni að fótbrotna og missa af EM í Finnlandi. „Ég setti mér ákveðin markmið eftir að ég fótbrotnaði og það er gaman að vera hérna í dag. Árið er búið að vera gott í heild sinni og það var mjög mikill léttir og gaman að fá að vita að ég væri að fara á þetta mót,“ segir Harpa en hún hefur einnig eignast barn í millitíðinni. Það tók hana ekki langan tíma að koma til baka. „Það er klárlega mjög mikið búið að gerast á þessum fjórum árum,“ segir Harpa brosandi en hún eignaðist strákinn sinn árið 2011.



**KOM TIL BAKA** Harpa Þorsteinsdóttir missti af EM í Finnlandi vegna fótbrots en er komin í byrjunarlið Íslands á EM í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

### Við áttum fá svör

Harpa var í byrjunarliðinu á móti Þjóðverjum en tókst ekki að setja mark sitt á leikinn. Hún átti hins vegar fína innkomu á móti Noregi. „Það er auðveldara fyrir sóknarmann að koma inn í leik þegar liðið er meira með boltann eins og á móti Noregi. Það voru gríðarlega mikil hlaup á móti Þýskalandi og úr litlu að moða fyrir framlínuna. Þær lokuðu öllu uppspili hjá okkur og við áttum fá svör,“ segir Harpa.

Ísland mætir Hollandi í lokaumferð riðlakeppninnar í kvöld en bæði lið þurfa á sigri að halda til að eiga möguleika á sæti í fjórðungsúrslitum.

„Við verðum að skilja Þýskalandsleikinn eftir og fara inn í Hollandsleikinn með sama sjálfstraust og baráttu og við gerðum á móti Noregi. Þá eigum við alla möguleika,“ segir Harpa. „Við þurfum að leggja áhersluna á það að stoppa framlínuna hjá þeim. Þær eru með mjög flinka leikmenn fram á við sem eru allir líklegir til að valda usla. Þær hafa ekki skorað á mótinu en liðin hafa líka verið að liggja til baka á móti þeim. Það hefur greinilega virkað þannig að ætli við leggjum ekki upp með eitthvað svipað.“

### Allir eiga möguleika

Hún fagnar því að vera ein af fimm Stjörnustelpum í Svíþjóð. Stjörnuliðið hefur ekki tapað leik í sumar og hefur sett stefnuna á það að vinna tvöfalt í fyrsta sinn í sögu félagsins.

„Þetta er alveg fimm stjörnu landslið,“ segir Harpa hlæjandi og það eru orð að sönnu. „Það er frábært að við séum hérna svona margar úr Stjörnuliðinu og þetta er vonandi það sem koma skal. Deildin er búin að vera sterk heima og það eru margar sem gera tilkall til þess að vera í þessum hóp,“ segir Harpa.

> **Við þurfum að fara inn í Hollandsleikinn með sama sjálfstraust og gegn Noregi.**
>
> *Harpa Þorsteinsdóttir*

Leikmennirnir heima í Pepsi-deildinni fengu sitt tækifæri hjá Sigurði Ragnari Eyjólfssyni og margar þeirra hafa fengið að spila mikið á mótinu. „Það er búið að sýna sig að það eiga allir heima möguleika á því að vera í þessum hóp,“ segir Harpa. En hvað með lokaleikinn í riðlinum? „Ég vonast til að fá að spila á móti Hollandi. Við þurfum að skora og þá vil ég vera inni á,“ sagði Harpa.

# Við erum mjög góðar vinkonur

Þóra Björg Helgadóttir þekkir vel stjörnuleikmann hollenska landsliðsins.

**FÓTBOLTI** Manon Melis er stærsta stjarna hollenska landsliðsins en þessi 26 ára framherji hefur tvisvar orðið markadrottning sænsku deildarinnar (2008 og 2010). Melis lék sinn hundraðasta leik í fyrsta leik Hollands á EM.

Þóra Björg Helgadóttir, markvörður LdB Malmö og íslenska landsliðsins, þekkir Manon Melis vel en þær hafa spilað lengi saman. „Manon er frábær leikmaður og er búin að vera með bestu leikmönnunum í sænsku deildinni undanfarin ár. Hún er gríðarlega hröð og mikill markaskorari. En hún er ekki enn þá búin að skora í þessu móti,“ segir Þóra. Melis hefur skorað 94 mörk í 115 leikjum í sænsku deildinni og hefur spilað öll tímabil nema eitt með Malmö-liðinu.

„Við erum mjög góðar vinkonur og ég þekki hana. Ég veit það að það er naga hana að hafa ekki klárað þessi færi sín á móti Þýskalandi. Hún var mjög ólík sér í þeim færum. Ég hugsa að hún sé ekki með fullt sjálfstraust,“ segir Þóra. Þóra segir mikla pressu vera á hollenska liðinu í kvöld.

„Ég held að ekkert lið hafi fengið eins mikinn pening í sinn undirbúning og Holland. Þeir leikmenn sem eru að spila í Hollandi eru að æfa vikulega saman allan veturinn. Þær hafa í rauninni engar afsakanir og hafa ekkert að detta á ef þetta klikkar. Þær voru djarfar í yfirlýsingum fyrir mótið þannig að það er ágætis pressa á þeim,“ segir Þóra. **-óój**



**LYKILMAÐUR** Manon Melis er stjarnan í hollenska liðinu.



# EM KVENNA 2013

## A-RIÐILL

**SVÍÞJÓÐ - ÍTALÍA 3-1**
1-0 Raffaella Manieri, sjálfsmark (47.), 2-0 Lotta Schelin (49.). 3-0 Josefine Öqvist (57.), 3-1 Melania Gabbiadini (78.).

**DANMÖRK - FINNLAND 1-1**
1-0 Mia Brogaard (29.), 1-1 Annica Sjölund (87.).

## STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Svíþjóð | 3 | 2 | 1 | 0 | 9-2 | 7 |
| Ítalía | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-4 | 4 |
| Danmörk | 3 | 0 | 2 | 1 | 3-4 | 2 |
| Finnland | 3 | 0 | 2 | 1 | 1-6 | 2 |

## LEIKIR DAGSINS

**B-RIÐILL:**
**HOLLAND - ÍSLAND KL. 16.00**
**ÞÝSKALAND - NOREGUR KL. 16.00**

# 1. DEILDIN 2013

**KA - GRINDAVÍK 2-2**
0-1 Daníel Leó Grétarsson (27.), 0-2 Juraj Grizelj (34.), 1-2 Carsten Faarbech Pedersen (71.), 2-2 Ómar Friðriksson (77.).

**VÍKINGUR R. - ÞRÓTTUR R. 3-1**
1-0 Sigurður Egill Lárusson (4.), 2-0 Hjörtur Júlíus Hjartarson (61.), 3-0 Sigurður Egill Lárusson (76.), 3-1 Andri Björn Sigurðsson (78.).

**FJÖLNIR - LEIKNIR R. 1-0**
1-0 Aron Sigurðarson (12.).

**BÍ/BOLUNGARVÍK - TINDASTÓLL 2-0**
1-0 Alexander Veigar Þórarinsson (15.), 2-0 Daniel Osafo-Badu (92.).

**HAUKAR - VÖLSUNGUR 5-1**
0-1 Ásgeir Sigurgeirsson (3.), 1-1 Brynjar Benediktsson (24.), 2-1 Hilmar Geir Eiðsson (57.), 3-1 Hilmar Geir Eiðsson (62.), 4-1 Björgvin Stefánsson (93.), 5-1 Hilmar T. Arnarsson (95.).

**KF - SELFOSS 2-1**
0-1 Leikmaður óþekktur (26.), 1-1 Gabríel Reynisson (28.), 2-1 Þórður Birgisson (75.).

## STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Grindavík | 11 | 7 | 2 | 2 | 27-13 | 23 |
| Víkingur | 11 | 6 | 4 | 1 | 21-12 | 22 |
| Haukar | 11 | 6 | 3 | 2 | 23-15 | 21 |
| Fjölnir | 11 | 5 | 3 | 3 | 13-14 | 18 |
| BÍ/Bolungarv. | 11 | 6 | 0 | 6 | 21-23 | 18 |
| Leiknir | 11 | 4 | 4 | 3 | 17-15 | 16 |
| KA | 11 | 4 | 3 | 4 | 14-16 | 15 |
| Selfoss | 11 | 4 | 2 | 5 | 19-18 | 14 |
| KF | 11 | 3 | 4 | 4 | 14-14 | 13 |
| Tindastóll | 11 | 2 | 5 | 4 | 11-16 | 11 |
| Þróttur | 11 | 2 | 2 | 7 | 10-17 | 8 |
| Völsungur | 11 | 0 | 2 | 9 | 7-24 | 2 |

# Í 8-liða úrslitin með sigri

**FÓTBOLTI** Danir náðu aðeins 1-1 jafntefli á móti Finnum á EM í Svíþjóð í gær, sem þýðir að íslenska landsliðið tryggir sér sæti í átta liða úrslitunum með sigri á Hollandi í dag. Tvö af þremur liðum í 3. sæti riðlanna þriggja komast áfram í átta liða úrslitin en Danir urðu í 3. sæti í A-riðli með 2 stig.



Svíar og Ítalir enduðu í tveimur efstu sætunum í A-riðli og eru komnir áfram ásamt Frökkum úr C-riðli. Hollendingar tryggja sér 3. sætið í riðli Íslands með jafntefli við Ísland en ná þá bara tveimur stigum eins og Danir.

Það þyrfti þá að draga um það hvort liðið færi áfram í átta liða úrslitin svo framarlega sem að liðið í 3. sæti fái ekki færri stig. Ísland kemst í fjögur stig með sigri og verður þá alltaf fyrir ofan Danmörku. - óój

FUDGE Þú kemst fljótt að!
FUDGE ...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
FUDGE
FUDGE Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE S: 551 3010

# FH fór með sigur af hólmi í Litháen og stendur vel að vígi

**FÓTBOLTI** FH-ingar unnu frábæran sigur, 1-0, á litháísku meisturunum í Ekranas í fyrstu umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu í gær en leikurinn fór fram í Litháen.

FH stendur því vel að vígi fyrir síðari leikinn sem fram fer á Kaplakrikavelli eftir viku.

Pétur Viðarsson skoraði eina mark leiksins eftir um hálftíma leik.

Skot heimamanna höfnuðu nokkrum sinnum í tréverkinu og þá sérstaklega í síðari hálfleiknum en Hafnfirðingarnir höfðu heppnina með sér og héldu markinu hreinu.

„Það er góð stemmning í hópnum hér í rútunni á leiðinni á hótelið okkar,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn í gær.

„Við lögðum upp með að spila sterkan varnarleik og beita skyndisóknum og það gekk algjörlega eftir. Við náðum síðan að skora markið eftir fast leikatriði. Þeir [Ekranas] fengu sín færi í leiknum en mér fannst þeir aldrei ná einhverjum tökum á þessum leik. Eðlilega voru þeir meira með boltann en við vorum búnir að undirbúa okkur vel fyrir það.“

Ekranas hefur verið sigursælt lið í Litháen undanfarin ár.

„Þetta lið hefur orðið litháískur meistari síðastliðin fimm ár og er því mjög vel mannað. Því hefur aftur á móti ekki gengið sem skyldi í deildinni á þessu tímabili. Við erum auðvitað bara ánægðir með þennan sigur hjá okkur en við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að síðari leikurinn er eftir heima.“

Það verður mikið undir eftir eina viku.

„Við förum nokkuð rólega inn í heimaleikinn og þurfum að nálgast hann af skynsemi. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir knattspyrnudeild FH að fara áfram og við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að það mun hafa mikla þýðingu fyrir félagið að komast áfram í þessu einvígi. Það mun þýða fjóra leiki til viðbótar í þessari deild.“ - sáp



**BJARTSÝNN** Heimir hefur trú á því að FH fari áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-1967



VERÐLAUNUÐ LEIÐ
TIL BJARTRAR FRAMTÍÐAR

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Á síðustu árum hefur **Frjálsi lífeyrissjóðurinn** þrisvar unnið hin alþjóðlegu verðlaun **Investment Pension Europe** sem besti lífeyrissjóður á Íslandi. Þessar viðurkenningar endurspegla sterka stöðu sjóðsins og árangur hans undanfarin ár.

Ef þú hefur frjálst val um hvar þú ávaxtar skyldulífeyrissparnaðinn þinn og vilt faglega stýringu þá er **Frjálsi lífeyrissjóðurinn** góður kostur. Jafnframt stendur öllum til boða að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn hjá **Frjálsa lífeyrissjóðnum**.

Þú færð ítarlegar upplýsingar um sjóðinn í næsta útibúi Arion banka, á www.frjalsilif.is, með því að senda fyrirspurn á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða í síma 444 7000.

ÁVÖXTUN
FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS




■ Nafnávöxtun 30.06.2012 – 30.06.2013
■ 5 ára meðalnafnávöxtun tímabilið 30.06.2008 – 30.06.2013

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Fimm ára ávöxtunartölurnar sýna meðalnafnávöxtun frá 30.06.2008 – 30.06.2013 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á **frjalsilif.is**.

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Arion banki

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 21.35
**Lærkevej**

Vönduð dönsk þáttaröð með skemmtilegri blöndu af gamni og alvöru um þrjú systkin sem lenda í stórkostlegum vandræðum í Kaupmannahöfn og flýja í úthverfin og koma sér vel fyrir við þá skrautlegu götu Lærkevej.





### 2 Broke Girls
**STÖÐ 2 KL. 20.00** Gamanþættir um stöllurnar Max og Caroline. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt. Við nánari kynni komast þær að því að þær eiga fleira sameiginlegt en fólk gæti haldið og þær leiða saman hesta sína til að láta sameiginlegan draum rætast.

**TV.COM** 7,5 **IMDb** 6,8



### The Borgias
**SKJÁR 1 KL. 22.45** Vandaðir þættir úr smiðju Neils Jordan um valdamestu fjölskyldu ítölsku endurreisnarinnar, Borgia-ættina. Hestasveinn heldur til Rómar í leit að ást en mætir örlögum sínum áður en varir á meðan páfinn sjálfur fær vitrun um samlanda sína.

**TV.COM** 8,5 **IMDb** 7,9



### Private Practice
**RÚV KL. 20.05** Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu þar sem áhorfendur fá að fylgjast með sorg og sigrum áhugaverðra einstaklinga.

**TV.COM** 8,4 **IMDb** 5,9

### Rás 2 kl. 12.45
**Poppland**

Meðal fastra dagskrárliða eru Tónlistarfréttir, Plötur vikunnar, Nýjasta tækni og vísindi, Einu sinni var, Nýjustu fréttir af Elvis og tunglinu, Bíóumfjöllun á þriðjudögum og fleira. Umsjónarmenn eru Ólafur Páll Gunnarsson og Matthías Már Magnússon.








### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle** *(3:22)*
**08.30 Ellen** *(1:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(29:175)*
**10.15 Glee** *(3:22)*
**11.00 Spurningabomban** *(2:21)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(20:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Kalli Berndsen - í nýju ljósi** *(5:8)*
**13.25 Covert Affairs** *(7:11)*
**14.10 Chuck** *(5:24)*
**14.55 Last Man Standing** *(2:24)*
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Tricky TV** *(20:23)*
**16.05 Kalli kanína og félagar**
**16.25 Ellen** *(2:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(17:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(17:23)*
**19.35 Modern Family** Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.
**20.00 2 Broke Girls** *(7:24)* Önnur þáttaröðin af þessum hressilegum gamanþáttum um stöllurnar Max og Caroline.
**20.20 New Girl** *(18:25)*
**20.45 Dallas**
**21.30 Lærkevej** *(8:10)* Vönduð dönsk þáttaröð með skemmtilegri blöndu af gamni og alvöru um þrjú systkin sem lenda í stórkostlegum vandræðum í Kaupmannahöfn.
**22.15 Miami Medical** *(4:13)*
**23.00 Revolution** *(16:20)*
**23.40 Breaking Bad** *(4:8)*
**00.25 Vice** *(8:10)*
**00.55 Grimm** *(14:22)*
**01.40 American Horror Story** *(12:12)*
**02.30 Fringe** *(16:22)*
**03.15 Witless Protection**
**04.50 New Girl** *(18:25)*

### POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(19:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(12:24)*
**19.45 The Simpsons** *(1:22)*
**20.10 The O.C.** *(17:27)*
**20.55 The Secret Circle** *(17:22)*
**21.40 The Secret Circle** *(18:22)*
**22.25 Breakout Kings** *(7:13)*
**23.10 Breakout Kings** *(8:13)*
**23.55 The O.C.** *(17:27)*
**00.40 The Cleveland Show** *(13:22)*
**01.05 The Secret Circle** *(17:22)*
**01.50 The Secret Circle** *(18:22)*
**02.30 Breakout Kings** *(7:13)*
**03.15 Breakout Kings** *(8:13)*
**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

### SPORT *besta sætið*

**17.50 Meistaradeild Evrópu: Man. City - Ajax**
**19.30 Sumarmótin 2013**
**20.15 Herminator Invitational**
**20.45 Meistaradeild Evrópu: Schalke - Arsenal**
**22.30 Pepsi mörkin 2013**
**23.45 Enski deildabikarinn: WBA - Liverpool**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Newcastle - Liverpool**
**19.30 PL Classic Matches. Chelsea - Tottenham Hotspurs**
**20.00 Leikmaðurinn: Eiður Smári Guðjohnsen** Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um ensku stórliðin.
**20.40 Manstu**
**21.25 Chelsea - Wigan - 09.05.10**
**21.50 Willum Þór Þórsson** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna.
**22.20 Chelsea - Barcelona - 08.03.05**
**22.50 Norwich - Liverpool**

### krakkar

**13.00** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.25** Strumparnir **13.45** Waybuloo **14.05** Áfram Diego, áfram! **14.30** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **15.10** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **15.30** Doddi litli og Eyrnastór **15.40** Latibær *(10:18)* **16.05** Lalli **16.10** Lalli **16.15** Refurinn Pablo **16.20** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **16.40** Litlu Tommi og Jenni **17.05** Svampur Sveinsson **17.25** Dóra könnuður **17.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.10** Strumparnir **18.35** Waybuloo **18.55** Áfram Diego, áfram! **19.20** Doddi litli og Eyrnastór **19.30** Latibær *(10:18)* **20.00** Einu sinni var *(13:22)*

### GULL

**20.00 Einu sinni var** *(13:22)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(6:30)*
**21.05 Grey's Anatomy**
**21.50 Lois and Clark** *(3:22)*
**22.40 Einu sinni var** *(13:22)*
**23.10 Örlagadagurinn** *(6:30)*
**23.45 Grey's Anatomy**
**00.30 Lois and Clark** *(3:22)*
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### BÍÓ

**12.45 Taken From Me. The Tiffany Rubin Story**
**14.15 Garfield. The Movie**
**15.35 Henry's Crime**
**17.20 Taken From Me. The Tiffany Rubin Story**
**18.50 Garfield. The Movie**
**20.10 Henry's Crime**
**22.00 Red**
**23.50 The Beach**
**01.50 Unthinkable**
**03.25 Red**

### RÚV

**15.00 Golfið** *(5:13)*
**15.30 EM-stofa**
**15.50 EM kvenna í fótbolta** *(Holland-Ísland)* **BEINT**
**17.50 EM-stofa**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Frá Svíþjóð til himins** *(3:8)* *(Från Sverige till himlen)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Hrefna Sætran grillar** *(4:6)*
**20.05 Læknamiðstöðin** *(1:13) (Private Practice)*
**20.50 Minnisverð máltíð – Jussi Adler-Olsen** *(5:7) (En go' frokost)*
**21.00 Lottóhópurinn** *(1:5) (The Syndicate)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Tour de France** *(1:2) (La legende du Tour de France)*
**23.15 Tour de France** *(2:2) (La legende du Tour de France)*
**00.15 Innherjarán** *(Inside Job)*
**02.00 Fréttir**
**02.10 Dagskrárlok**

### RÚV ÍÞRÓTTIR

**15.30** EM-stofa Upphitun fyrir leik Íslands og Hollands á EM í knattspyrnu. **15.50** EM kvenna í knattspyrnu *(Þýskaland-Noregur)* BEINT **18.00** EM kvenna í knattspyrnu *(Holland-Ísland)* BEINT **19.40** EM-stofa Umfjöllun um leik Íslands og Hollands á EM í knattspyrnu.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos** *(4:44)*
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(10:25)*
**08.00 Cheers** *(18:22)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 The Good Wife** *(4:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Britain's Next Top Model** *(6:13)*
**19.10 America's Funniest Home Videos** *(5:44)*
**19.35 Everybody Loves Raymond** *(11:25)*
**20.00 Cheers** *(19:22)*
**20.25 Psych** *(10:16)*
**21.10 Blue Bloods** *(21:23)*
**22.00 Common Law** *(10:12)*
**22.45 The Borgias** *(2:10)*
**23.30 House of Lies** *(4:12)*
**00.00 Leverage** *(7:16)*
**00.45 Lost Girl** *(16:22)*
**01.30 Excused**
**01.55 Blue Bloods** *(21:23)*
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.05** Golfing World **08.55** The Open Championship Official Film **1984** **09**.50 The Open Championship Official Film **1986** **10**.45 Opna breska meistaramótið **2012** *(4:4)* **18.00** Golfing World **18.50** The Open Championship Official Film **2009** **19**.50 The Open Championship Official Film **2010** **20**.40 Champions Tour - Highlights *(14:25)* **21.35** Inside the PGA Tour *(29:47)* **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film **2011** *(1:1)* **23.50** ESPN America

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Veiði LAGERINN outlet
MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELDRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR
FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS
2.995,-
LÆKKAÐ VERÐ
SÖKKENDAR Á HÁLFVIRÐI
VEIÐIVESTI
FRÁ
1.995,-
LÆKKAÐ VERÐ
VESTI Á MYND KR. 4.995,-
VERÐ FRÁ
299,-
ÓDÝRT!
SPÚNAR
Frábært úrval.
ÓDÝRT!
BEITAN Í VEIÐIFERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL
AÐEINS FRÁ
14.995,-
LÆKKAÐ VERÐ
ÖNDUNARVÖÐLUR
Mikið úrval!
AÐEINS
12.995,-
ÓDÝRT!
DAM TASLAN VÖÐLUR
AÐEINS
16.995,-
ÓDÝRT!
RON THOMPSON
NEOPRENVÖÐLUR
VERÐ FRÁ
4.995,-
LÆKKAÐ VERÐ
FLUGUHJÓL
Gott úrval.
AÐEINS FRÁ
9.995,-
LÆKKAÐ VERÐ
VATNSHELDIR
VEIÐIJAKKAR
20% AFSLÁTTUR
LÆKKAÐ VERÐ
VEIÐISTANGASETT
Mikið úrval. 20% afsláttur.
VERÐ FRÁ
1.995,-
ÓDÝRT!
VEIÐITÖSKUR
- á góðu verði
VERÐ FRÁ
2.995,-
LÆKKAÐ VERÐ
KASTHJÓL
- í miklu úrvali.
FRÁ
4.995,-
LÆKKAÐ VERÐ
KASTSTANGIR
Mikið úrval!
AÐEINS
9.995,-
ÓDÝRT!
RON THOMPSON
BARNAVÖÐLUR
VERÐ FRÁ
8.995,-
LÆKKAÐ VERÐ
VÖÐLUSKÓR
Ýmsar gerðir.
ZPEY FLUGUSTANGIR OG PAKKAR
30 TIL 50% AFSLÁTTUR
LÆKKAÐ VERÐ
AÐEINS
3.895,-
ÓDÝRT!
VEIÐIKASSAR
Bleikir, bláir og grænir.
LÆKKAÐ VERÐ
FLUGUSTANGIR Á HÁLFVIRÐI
Mikið úrval!
já
FRÁBÆRT VERÐ
895,-
ÓDÝRT!
LETINGJAR
KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16
SJÁÐU TILBOÐIN Á
f

**DRYKKURINN**



**„Ég blanda saman tveimur sítrónum og hálfum þumli af engifer, set í pott og læt suðuna koma upp og sía. Set svo agave-síróp saman við og þá verður þetta eins og þykkni. Svo blandar maður köldu vatni við.“**

Helena Hansdóttir Aspelund, eigandi Helena Travel Iceland.

# Beint frá Harlem á skemmtistaðinn Harlem

Tónlistartvíeykið Mrc Riddims, frá New York, kemur fram á skemmtistaðnum Harlem í kvöld.

„Það er gaman að fljúga burt frá Harlem til þess eins að lenda aftur á Harlem,“ segir bandaríski tónlistarmaðurinn Alap Momin um tónleika hljómsveitarinnar Mrc Riddims á skemmtistaðnum Harlem í kvöld. Alap skipar hljómsveitina ásamt Merc Yes, en tvíeykið er ættað frá New York, nánar tiltekið frá Harlem-hverfinu, og leikur taktþunga partýtónlist.

Alap hefur heimsótt Ísland í fjórgang, þá með hávaðarappsveitinni Dälek. „Ísland er á topp fimm listanum mínum yfir uppáhaldsstaðina mína. Hér er mikið af hæfileikafólki og það sem meira er, þá hef ég aldrei hitt leiðinlegan Íslending, þótt ég sé viss um að þeir leynist hér einhvers staðar,“ segir Alep og Merc tekur undir. „Ég hef aðeins verið hér í tæpan sólarhring og hef ekki hitt neinn sem kalla mætti leiðinlegan.“

Þeir félagar eru góðir vinir og samstarfsmenn tónlistarmannsins Curver og eru hér á landi fyrir hans tilstuðlan. „Við erum á leið á G! Festival í Færeyjum og ákváðum að heimsækja Curver í leiðinni, úr varð þetta litla tónleikaferðalag,“ segir Alap, en tvíeykið kemur einnig fram á LungA á Seyðisfirði.

Tónlistarmennirnir voru á leið í ferðalag um Gullfoss og Geysi þegar Fréttablaðið náði af þeim tali í gær og hlökkuðu þeir mikið til ferðalagsins.

Tónleikar Mrc Riddims fara fram á Harlem í kvöld og hefjast klukkan 22. **- sm**



**MRC RIDDIMS** Bandaríska partýsveitin Mrc Riddims kemur fram á Harlem í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


## KLS, FAGFJÁRFESTASJÓÐUR

– Birting viðauka við lýsingu

KLS, fagfjárfestasjóður, hefur birt viðauka við lýsingu dagsetta 12. júlí 2013 sem gefin var út í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarinna skuldabréfa, KLS 13 1, væri tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukinn er dagsettur 16. júlí 2013, gefinn út á íslensku og birtur á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni www.stefnir.is/kaupholl.

Viðaukinn skoðast sem hluti af lýsingunni sem má nálgast hjá félaginu næstu 12 mánuði, og er gefinn út rafrænt á vefsíðu félagsins. Jafnframt geta fjárfestar óskað eftir og nálgast prentuð eintök af lýsingunni ásamt viðauka hjá Stefni hf. Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

**Upplýsingar í viðauka**

Í kafla 1. Samantekt í lið D.2 undir Mótaðilaáhætta, bætist við eftirfarandi setning: *„Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2012 voru um 42,2% af leigutekjum félagsins vegna leigu til tveggja stærstu viðskiptamanna félagsins.“*

Í viðaukanum er birtur ársreikningur Klasa fasteigna ehf. (áður Klasi ehf.), kt. 590404-2410, Bíldshöfða 9, Reykjavík, fyrir árið 2010 sem vantaði í kafla 11. *Ársreikningar Klasa fasteigna ehf. 2012, 2011 og 2010.*

16. júlí 2013

Stjórn Stefnis hf.

STEFNIR Arion banki


# Diskókonungurinn er ennþá í fullu fjöri

Nile Rodgers kemur fram með hljómsveitinni Chic í Silfurbergi í Hörpu í kvöld. Hljómsveitin hefur verið á tónleikaferðalagi víðs vegar um Evrópu.

„Á þessu tónleikaferðalagi spilum við á fleiri stöðum en ég hef nokkurn tímann gert síðan ég stofnaði Chic árið 1976. Á þessu ári spilum við á yfir 200 tónleikum, sem er alveg ótrúlegt. Ég vil ekki vera monta mig, því ég er ekki þannig manneskja en ég hef heyrt að þessi sýning sé númer eitt á þeim tónleikahátíðum sem við höfum verið á, enda spilum við alltaf eins og þetta séu síðustu tónleikarnir okkar,“ segir Nile Rodgers glaður í bragði. Rodgers hefur selt yfir 100 milljónir platna í gegnum feril sinn og um þessar mundir er hann staddur á Íslandi á tónleikaferðalagi sínu um Evrópu. Í kvöld kemur hann fram í Hörpunni með diskóhljómsveitinni Chic. Hljómsveitina stofnaði hann ásamt besta félaga sínum, Bernard Edwards, en tvíeykið hefur samið ófáa tónlistarsmelli í gegnum tíðina. Edwards lést fyrir 17 árum eftir tónleika í Japan en Nile Rodgers heldur ótrauður áfram og segist skemmta sér best þegar hann hefur nóg að gera og getur horft fram á við. „Ég er alltaf að hugsa um næsta skref og dvel því ekki mikið í núinu. Ég fékk krabbamein fyrir tveimur árum og læknarnir héldu að ég myndi ekki lifa það af. Því trúi ég því að jákvæð og sterk viðhorf til lífsins komi manni ansi langt, ásamt því að vera að gera það sem maður elskar.“

Rodgers hefur einu sinni áður komið til Íslands en þá spilaði hann með hljómsveitinni New York City. Bandið kom til landsins árið 1972 og spilaði á herstöðinni í Keflavík. Tónlistargoðið hefur unnið með öllum helstu nöfnunum í tónlistarheiminum en þar má nefna Luther Vandross, Sister Sledge, Díönu Ross, Madonnu, Simon le Bon og fleiri. Fram undan segir hann að tvær plötur séu á leiðinni og ný smáskífa sé einnig væntanleg í samstarfi við Daft Punk en lagið Get Lucky varð heldur betur vinsælt í ár.

marinmanda@frettabladid.is



**FJÖR Í KVÖLD** Tónlistarmaðurinn Nile Rodgers segir að tónleikarnir í Hörpu eigi eftir að verða eintóm skemmtun fyrir aðdáendur sína.



**HEIMSFRÆGT** Lagið I'm Coming Out samdi Nile Rodgers fyrir söngdívuna Díönu Ross.

➜ Nile Rodgers hefur samið fjöldann allan af smellum. Þar ber að nefna lög á borð við Le Freak, Good Times, Everybody Dance og We Are Family.


# Minna að fletta meira að frétta

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

**visir.is**

FÍTON / SÍA




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*


# Íslendingar láta drulla yfir sig

Skipuleggjendur Mýrarboltans á Ísafirði hafa sett af stað góðgerðarátak þar sem drullu er kastað yfir þekkta Íslendinga fyrir gott málefni.

„Fólk hefur gaman að því að sjá einhvern eins og Gísla Martein fá drullu í andlitið,“ segir Jón Páll Hreinsson, einn af skipuleggjendum Mýrarboltans sem fram fer á Ísafirði um verslunarmannahelgina. Aðstandendur Mýrarboltans hafa sett af stað góðgerðarátak í samstarfi við Landsbankann, Avis og Carlsberg þar sem athygli er vakin á fjórum góðgerðarsamtökum með afar skemmtilegum hætti.

„Við byrjuðum á því að setja eina milljón í gjafafé í verkefnið og höfðum svo samband við Barnaheill, Þroskahjálp, MND-félagið og ADHD-samtökin. Um leið fengum við svo marga þekkta einstaklinga með í verkefnið og þeir samþykktu að láta kasta drullu framan í sig og um leið vekja athygli á góðgerðarsamtökunum. Svo getur fólk farið inn á slóðina visir.is/drullastu og valið á milli samtakanna og ákveðið hvert milljónin fer,“ segir Jón Páll. Hann segir góðgerðarátakið vera eins konar „crowdfunding“, en það er þegar hver og einn einstaklingur getur haft áhrif á það hvernig góðgerðarsjóður skiptist á milli góðgerðarsamtaka. Fjölmargir Íslendingar tóku þátt í verkefninu en þar má meðal annars nefna þau Friðrik Dór, Gísla Martein og Hildi Lilliendahl. „Við reyndum að fá svona þverskurð af áhrifamiklu fólki í samfélaginu til að vekja athygli á góðgerðarmálum á nýstárlegan hátt,“ segir Jón Páll. Það mun svo skýrast á sjálfum Mýrarboltanum hvernig milljóninni verður ráðstafað.

Nánari upplýsingar og myndskeið má finna á vefslóðinni Visir.is/drullastu. **- ka**



**DRULLAÐ FYRIR GOTT MÁLEFNI** Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður Heimdallar, leggur málefninu lið.




## Eyðir aðeins 3,6 lítrum á hundraðið

Nútímatækni og hönnun hefur ekki einungis skilað mögnuðum gæðabíl, heldur er hann **einn sparneytnasti fjöldaframleiddi bíll í heimi**. Kia Rio 1,1 dísil, sex gíra, **eyðir frá 3,6 lítrum** á hundraðið í blönduðum akstri. Magn **$CO_2$ í útblæstri er mjög lítið** eða aðeins 109 g/km og fær hann því **frítt í stæði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn. Svo er hann að sjálfsögðu með **7 ára ábyrgð** eins og allir nýir bílar frá Kia.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan einstaklega sparneytna bíl. Einnig fáanlegur sjálfskiptur með bensínvél.

**Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.**

Verð frá **2.570.777 kr.** Rio 1,1 dísil

Aðeins **18.390 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

*M.v. 1.500.000 kr. útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,4% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,57%.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

WOW MOMENT
TAKTU ÞÁTT Á WOW.IS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinsæl hönnun



Nýjasta stjarnan til að klæðast flík frá íslensk/þýska tískumerkinu Ostwald Helgason er breska söngkonan Rita Ora. Söngkonan klæddist flík frá OH í ágústhefti Teen Vogue. Merkið er í eigu **Ingvars Helgasonar** og Susanne Ostwald og er meðal annars í miklu uppáhaldi hjá rússneska tískutákninu Miroslövu Duma. Millilína OH fæst nú á vefsíðunni Moda Operandi, en þar geta innkaupastjórar og tískuáhugafólk keypt flíkurnar áður en þær fara í almenna sölu.

**- sm**

### Hefur mundað vélina í sjö ár

Myndlistarkonan **Sunna Ben** opnar ljósmyndasýningu í Ljósmyndasafni Íslands á morgun, fimmtudag, en þetta ku vera í fyrsta skipti sem hún sýnir ljósmyndir sínar með þessum hætti. Sunna hefur verið með myndavélina að vopni lengi og fannst að kominn væri tími til þess að sýna safnið sem stækkaði ört. Á sýningunni, sem hún hefur nefnt „Villikettir“, sýnir myndlistarkonan þó aðeins brot af safni sínu. Sunna hefur gengið með myndavélina á sér alla daga og nætur, samfleytt í sjö ár. Á þeim tíma hefur hún lent í alls konar ævintýrum sem hún segir að sér hafi oft tekist nokkuð vel að fanga í myndum. Sýningin verður opnuð klukkan fimm.

**- mlþ**



## Mest lesið vísir

1 Frank Ocean í íslenskri hönnun
2 Hafnar blómum sem hraðahindrun í Kjós
3 Frá New York til Peking á tveimur klukkustundum í segulhylki
4 Z-40 handtekinn
5 Óli Geir styður kærustu sína alla leið
6 Andstæðingar bólusetninga „ættu að skammast sín“

FULLKOMIN SKVÍSUBÓK Í FRÍIÐ!




www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2007

WOW
FLUGFÉLAG FÓLKSINS




STRØGET
EÐA
OXFORD ST
LÚXUSVANDAMÁL!
KÖBEN EÐA LONDON
FRÁ
12.900 KR.*
FERÐATÍMABIL: 20. ÁGÚST – 15. DESEMBER
BÓKAÐU NÚNA Á WOW.IS
*Flug aðra leið með sköttum, bókunar- og töskugjald ekki innifalið.

LÆGRA VERÐ NÝRRI VÉLAR LOFORÐ WOW BREIÐASTA BROSIÐ

Berlín >> Lyon >> Vilnius >> Düsseldorf >> Mílanó >> Barcelona >> Varsjá >> Alicante
París >> Amsterdam >> London >> Kaupmannahöfn >> Zürich >> Stuttgart >> Salzburg

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is